

Skýrsla nr. 2022-105.

1. apríl 2022



Sýnatökur og -greiningar fráveitu

Árleg yfirlitsskýrsla vegna rannsókna ársins 2021

Útgefandi: Veitur
Umsjón og ábyrgð: Hlöðver Stefán Þorgeirsson

Skráningarblað skýrslna

Skýrsla nr. 2022-105.	Útgáfudagur 1.4.2022	Útgáfustaður Reykjavík
Heiti skýrslu Sýnatökur og -greiningar fráveitu – Árleg yfirlitsskýrsla vegna rannsókna ársins 2021		
Upplag Gefið út á vef	Fjöldi síðna 46	Dreifing Opinber
Höfundar Hlökkver Stefán Þorgeirsson ¹ , Sædís Ólafsdóttir ¹ , Páll Höskuldsson ² og Anna Snjólaug Valgeirsdóttir ² 1: Veitur / Orkuveita Reykjavíkur 2: Verkfræðistofan Efla		
Unnið fyrir Veitur	Samvinnuaðilar Verkfræðistofan Efla	
Útdráttur Samantekt á niðurstöðum sýnatöku og -greiningu, auk annarra mælinga á fráveitum, sem Veitum ber að framkvæma samkvæmt starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna.		
Efnisorð Skólphreinsun, sýnataka, mælingar	Yfirfarið Fjóla Jóhannesdóttir, Jón Tryggvi Guðmundsson og Margrét María Leifsdóttir	

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Yfirlit yfir starfsleyfissskilyrði og önnur viðmið	3
2.1	Skerjafjarðarveita	3
2.2	Sundaveita	4
2.3	Kjalarnes	4
2.4	Akranes	5
2.5	Borgarnes	5
2.6	Hvanneyri	5
2.7	Reykholt	6
2.8	Varmaland	6
2.9	Bifröst	6
3	Framfylgd sýnatökukrafna	7
3.1	Skerjafjarðarveita	7
3.2	Sundaveita	8
3.3	Kjalarnes	11
3.4	Akranes	12
3.5	Borgarnes	14
3.6	Hvanneyri	15
3.7	Reykholt	16
3.8	Varmaland	17
3.9	Bifröst	18
4	Niðurstöður greininga	19
4.1	Heildarstyrkur svífagna (TSS)	19
4.1.1	Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps	19
4.1.2	Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps	20
4.2	Efnafræðileg súrefnispörf (COD)	21
4.2.1	Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps	21
4.2.2	Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps	21
4.3	Lífefnafræðileg súrefnispörf (BOD)	23
4.3.1	Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps	23
4.3.2	Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps	24
4.4	Aðrar mælingar og afleiddar niðurstöður	25
4.4.1	Rennsli	25

4.4.2	Mat á lífrænu álagi á hreinsistöðvar Veitna (fjölda persónueininga (PE))	27
4.4.3	Umhverfisvöktun við meginútrásir við Reykjavík og Kjalarnes	35
4.4.4	Magn saurgerla.....	35
4.4.5	Massi fasts úrgangs	41
4.4.6	Ólífræn snefilefni	41
4.4.7	Mælingar á fitu, heildarfosfór og heildarköfnunarefni.....	43
4.4.8	Aðrar mælingar á Höfuðborgarsvæðinu.....	44
5	Sýnatökuáætlun ársins 2022	43
6	Heimildir	45
	Viðaukar	46

Myndir

Mynd 1	– Fráveitukerfi Veitna á höfuðborgarsvæðinu.....	2
Mynd 2	– Fráveitukerfi Veitna á Vesturlandi.....	2
Mynd 3	– Heildarstyrkur svifagna í hreinsuðu skólpi, fyrir stöðvar þar sem krafa er um eins þrep hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.....	19
Mynd 4	– Heildarstyrkur svifagna í hreinsuðu skólpi, fyrir stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.....	20
Mynd 5	– Styrkur efnafræðilegar súrefnisparfar (COD) í hreinsuðu skólpu fyrir stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Óvenjulegt mæligildi frá Klettagörðum er auðkennt með punktalínu og haft sér, sjá nánari umfjöllun í texta. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.	21
Mynd 6	– Styrkur efnafræðilegar súrefnisparfar (COD) í hreinsuðu skólpu fyrir stöðvar með tveggja þrepa hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.	22
Mynd 7	– Styrkur sýna fyrir lífefnaræna súrefnispörf (BOD) fyrir skólphreinsistöðvar með eins þreps hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.....	23
Mynd 8	– Styrkur sýna fyrir lífefnaræna súrefnispörf BOD fyrir skólphreinsistöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun.	24
Mynd 9	– Rennslisraðir úr hreinsistöðvunum við Klettagarða og Ánanaust.....	25
Mynd 10	– Rennslisraðir úr hreinsistöðvunum á Brákarey við Borgarnes og við Kalmansvík á Akranesi.	25
Mynd 11	– Rennslisraðir fyrir hreinsistöðvarnar við Hvanneyri og við Vallarhverfi á Kjalarnesi. ...	26

Mynd 12 – Rennslisraðir fyrir hreinsistöðvarnar við Bifröst, Reykholt og Varmaland. Óvenjulegar sveiflur og gildi fyrir Bifröst og Reykholt gætu skýrst að óáreiðanlegum mælingum.....	26
Mynd 13 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir stórar skólphreinsistöðvar Veitna. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Gildi reiknað út frá óvenjulegum COD niðurstöðum úr Klettagörðum er auðkennt með gráum punkti umluktum punktalínu, auk þess sem samtölulína er höfð sem punktalína á því bili (sjá nánari skýringar í kafla 4.2). Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.....	28
Mynd 14 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir millistórar skólphreinsistöðvar Veitna (Akranes og Borgarnes). Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum...	29
Mynd 15 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Kjalarnes. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.....	30
Mynd 16 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Reykholt. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum. Hámarksálag samkvæmt starfsleyfi er hátt yfir hæsta mælda gildi og því ekki sýnt á grafinu til að bæta læsileika, en það nemur 300 PE.	31
Mynd 17 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Hvanneyri. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum. Hámarksálag samkvæmt starfsleyfi er hátt yfir hæsta mælda gildi og því ekki sýnt á grafinu til að bæta læsileika, en það nemur 1000 PE.....	32
Mynd 18 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Varmaland. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum. Hámarksálag samkvæmt starfsleyfi er hátt yfir hæsta mælda gildi og því ekki sýnt á grafinu til að bæta læsileika, en það nemur 415 PE.....	33
Mynd 19 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Bifröst. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum. Hámarksálag samkvæmt starfsleyfi er hátt yfir hæsta mælda gildi og því ekki sýnt á grafinu til að bæta læsileika, en það nemur 2.250 PE.	34
Mynd 20 – Magn saurgerla á Akranesi.	35
Mynd 21 – Magn saurgerla á Bifröst.....	36
Mynd 22 – Staðsetning sýnataka á Hvanneyri. Þar sem A) Nálægt en þó neðanstraums frá útrás, B) U.þ.b. 10-30 metrum frá útrás, C) Í suðvesturenda skurðar.	37
Mynd 23 – Magn saurgerla á Hvanneyri.....	37
Mynd 24 – Staðsetning sýnataka í Reykholti. Þar sem A) Útrásarendi, B) 30m neðan útrásarenda, C) 130m neðan útrásarenda.	39

Mynd 25 – Magn saurgerla í Reykholti	39
Mynd 26 – Magn saurgerla í Varmalandi.....	39
Mynd 27 – Magn saurgerla á höfuðborgarsvæðinu, úti fyrir fjörum.....	40
Mynd 28 – Magn saurgerla á höfuðborgarsvæðinu, þynningarsvæði.....	40

Töflur

Tafla 1 – Fastar mælingar í Skerjafjarðaveitu.....	7
Tafla 2 – Sýnatökur fyrir Skerjafjarðarveitu	8
Tafla 3 – Fastar mælingar fyrir Sundaveitu	9
Tafla 4 – Sýnatökur fyrir Sundaveitu.....	10
Tafla 5 – Fastar mælingar fyrir Kjalarnes	11
Tafla 6 – Sýnatökur fyrir Kjalarnes.....	11
Tafla 7 – Fastar mælingar fyrir Akranes	12
Tafla 8 – Sýnataka fyrir Akranes.....	13
Tafla 9 – Fastar mælingar í Borgarnesi	14
Tafla 10 – Sýnataka fyrir Borgarnes	14
Tafla 11 – Fastar mælingar fyrir Hvanneyri	15
Tafla 12 – Sýnataka fyrir Hvanneyri.....	15
Tafla 13 – Fastar mælingar fyrir Reykholt	16
Tafla 14 – Sýnataka fyrir Reykholt.....	16
Tafla 15 – Fastar mælingar fyrir Varmaland	17
Tafla 16 – Sýnataka fyrir Varmaland	17
Tafla 17 – Fastar mælingar fyrir Bifröst	18
Tafla 18 – Sýnataka fyrir Bifröst.....	18
Tafla 19 – Heildarmassi fasts úrgangs	41
Tafla 20 – Ólífræn snefilefna mælingar í Ánanaust.....	41
Tafla 21 – Ólífræn snefilefna mælingar í Kjalarnesi	42
Tafla 22 – Ólífræn snefilefna mælingar í Klettagörðum.....	42
Tafla 23 – Mælingar á fitu, heildarfosfór TP og heildarköfnunarefni TN	43
Tafla 24 – Aðrar mælingar í Ánanaust.....	44
Tafla 25 – Aðrar mælingar í Klettagörðum	44
Tafla 26 – Sýnatökuáætlun 2022.....	43

1 Inngangur


Veitur ohf. sinna lögbundnu hlutverki Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar og Borgarbyggðar við uppbyggingu og rekstur fráveitna. Samkvæmt starfsleyfum heilbrigðisnefnda sveitarfélaganna ber Veitum að skila árlega yfirlitsskýrslu þeirra sýnataka og -greininga, auk annarra mælinga, sem Veitum ber að framkvæma samkvæmt þessum sömu starfsleyfisskýrðum.

Veitur hafa starfsleyfi fyrir níu fráveitukerfi, sem sjá má á mynd 1 og mynd 2. Þau eru:


- Skerjafjarðarveita, með hreinsistöð við Ánanaust í Reykjavík
- Sundaveita, með hreinsistöð við Klettagarða í Reykjavík
- Kjalarnes
- Akranes
- Borgarnes
- Hvanneyri
- Reykholt
- Varmaland
- Bifröst

Í kafla 2 er yfirlit yfir starfsleyfisskýrðin og önnur viðmið sem Veitur hafa til hliðsjónar við gerð sýnatökuáætlana, í kafla 3 er yfirlit yfir framfylgd sýnatökukrafna og möguleg frávik, í kafla 4 eru niðurstöður mælinga ársins 2021 teknar saman og í kafla 5 er yfirlit yfir sýnatökuáætlun næstu missera, eins og hún stendur í upphafi ársins.

Í viðaukum má finna samantekt allra gagna í töfluformi, afrit af skýrslum greinenda, yfirlit yfir framfylgd sýnatökukrafna fyrir hverja stöð og einnig afrit af starfsleyfum og starfsleyfisskýrðum skólphreinsistöðvanna.



Mynd 1 – Fráveitukerfi Veitna á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 2 – Fráveitukerfi Veitna á Vesturlandi.

2 Yfirlit yfir starfsleyfisskilyrði og önnur viðmið

Starfsleyfisskilyrði Veitna eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) og Heilbrigðiseftirliti Vesturlands (HEV). Hér á eftir er yfirlit yfir þau ákvæði skilyrðanna sem kalla á sýnatökur, sýnagreiningar og aðrar rannsóknir að hálfu Veitna. Þegar það á við er einnig minnst á aðrar kröfur, svo sem ákvæði reglugerða, sem hafðar eru til hliðsjónar við mótun sýnatökuáætlunar Veitna, sýnagreiningar og úrvinnslu niðurstaðna.

2.1 Skerjafjarðarveita

Starfsleyfi Skerjafjarðarveitu gildir frá 20. október 2020 til 20. október 2032. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Grein 3.1. í starfsleyfisskilyrðunum tilgreinir kröfur til árangur skólphreinsunar í Ánanaustum:

Viðauki hefur verið skilgreindur sem síður viðkvæmur og skal því stöðin hreinsa skólþ með a.m.k. eins þreps hreinsun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 20 gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þar kemur fram að fyrsta þreps hreinsun skólþ sé með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svífagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD₅- gildi skólþs er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svífagna í skólþ er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Í grein 6.4 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Mælingar á rennsli.
- Mælingar á massa fasts úrgangs.
- Efnagreiningar á sýnum úr föstum úrgangi á fjögurra ára fresti, til mælinga á þurrefnainnihaldi, efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), fitustyrk, heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni, á fjögurra ára fresti, til mælinga á heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), fitustyrk, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni hálfsmánaðarlega, til mælinga á fitustyrk, heildarstyrk svífagna (TSS), lífefnafræðilegri súrefnisþörf (BOD), efnafræðilegri súrefnisþörf (COD), heildarstyrk köfnarefnis og heildarstyrk fosfórs.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni hálfárslega, til mælinga á kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni fjórða hvert ár, til mælinga á styrk anjónískra, katjónískra og ójónískra hreinsiefna auk styrks fenóla og styrks olíuefna.
- Örverugreiningar á sjósýnum úr viðtaka (kólíabakteríur, þ.e.a.s. saurkólígerlar og saurkokkar) á 4 ára fresti.

Í kafla 3.1 er yfirlit yfir þær rannsóknir sem Veitur stóðu fyrir á veituvæði Skerjafjarðarveitu árið 2021, og hvernig framfylgdin var með tilliti til krafna starfsleyfanna. Í kafla 4.4.7 má sjá fyrirhugaðar sýnatökur ársins 2022 eins og áætlunin stendur við útgáfu skýrslunnar, og samanburð hennar við kröfur starfsleyfa.

2.2 Sundaveita

Starfsleyfi Sundaveitu gildir frá 20. október 2020 til 20. október 2032. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Grein 3.1. í starfsleyfisskilyrðunum tilgreinir kröfur til árangur skólphreinsunar í Klettagörðum:

Viðauki hefur verið skilgreindur sem síður viðkvæmur og skal því stöðin hreinsa skólp með a.m.k. eins þreps hreinsun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 20 gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Þar kemur fram að fyrsta þreps hreinsun skólp sé með aflfræðilegum og/eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD₅- gildi skólps er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólp er lækkað um að minnsta kosti 50%.

Í grein 6.4 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Mælingar á rennsli.
- Mælingar á massa fasts úrgangs.
- Efnagreiningar á sýnum úr föstum úrgangi á fjögurra ára fresti, til mælinga á þurrefnainnihaldi, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelsstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni, á fjögurra ára fresti, til mælinga á heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelsstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni hálfsmánaðarlega, til mælinga á fitustyrk, heildarstyrk svifagna (TSS), lífefnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafræðilegri súrefnispörf (COD), heildarstyrk köfnarefnis og heildarstyrk fosfórs.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni hálfárslega, til mælinga á kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelsstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni fjórða hvert ár, til mælinga á styrk anjónískra, katjónískra og ójónískra hreinsiefna auk styrks fenóla og styrks olíuefna.
- Örverugreining á sjósýnum úr viðtaka (kólí bakteríur, þ.e.a.s. saurkólígerlar og saurkokkar) á 4 ára fresti.

2.3 Kjalarnes

Tímabundið starfsleyfi fyrir hreinsistöð á Kjalarnesi gildir frá 11. maí 2021 til 11. maí 2022. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í grein 3.1 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Mælingar á rennsli.
- Mælingar á massa fasts úrgangs.
- Efnagreiningar á sýnum úr föstum úrgangi á fjögurra ára fresti, til mælinga á þurrefnainnihaldi, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelsstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni, á fjögurra ára fresti, til mælinga á heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk

köfnunarefnis, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.

- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni á 3 mánaða fresti, til mælinga á fitustyrk, heildarstyrk svifagna (TSS), lífnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafræðilegri súrefnispörf (COD), heildarstyrk köfnunarefnis og heildarstyrk fosfórs.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni hálfárslega, til mælinga á kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, silfurstyrk og arsenstyrk.
- Efnagreiningar á sýnum úr hreinsuðu fráveituvatni fjórða hvert ár, til mælinga á styrk anjónískra, katjónískra og ójónískra hreinsiefna auk styrks fenóla og styrks olíuefna.
- Gerlagreining á saurkólí og saurkokkum í viðtaka og við yfirfallsútrásir á 4 ára fresti.

2.4 Akranes

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð á Akranesi gildir frá 16. febrúar 2010 til 16. febrúar 2022. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í Fylgiskjali II með starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitukerfi á Akranesi er gerð krafa um:

- Mælingar á rennsli.
- Mælingar á massa fasts úrgangs.
- Efnagreiningar á þurrefnainnihaldi, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, (valkvætt silfurstyrkur og arsenstyrkur) í viðtaka.
- Gerlagreining á saurkólí og saurkokkum í viðtaka og við strönd útrása skulu gerðar á hálfárs fresti.

2.5 Borgarnes

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð á Borgarnesi gildir frá 16. febrúar 2010 til 16. febrúar 2022. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í Fylgiskjali I með starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitukerfi í Borgarnesi er gerð krafa um:

- Mælingar á rennsli.
- Mælingar á massa fasts úrgangs.
- Efnagreiningar á þurrefnainnihaldi, efnafræðilegri súrefnispörf (COD), fitustyrk, heildarstyrk fosfórs, heildarstyrk köfnunarefnis, kadmínstyrk, koparstyrk, nikkelstyrk, blýstyrk, sínkstyrk, kvikasilfursstyrk, krómstyrk, (valkvætt silfurstyrkur og arsenstyrkur) í viðtaka.
- Gerlagreining á saurkólí og saurkokkum í viðtaka og við strönd útrása skulu gerðar á hálfárs fresti.

2.6 Hvanneyri

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð og fráveitu á Hvanneyri gildir frá 10. ágúst 2021 til 10. ágúst 2033. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í grein 4.1 og 4.3 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar og rennsli um stöðina.
- Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.

- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni skal gera mælingar á lífefnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafraðilegri súrefnispörf (COD) og heildarstyrk svifagna (TSS) á 3 mánaða fresti. Einnig gerlagreiningar á saurkólí og saurkokkum á yfirborðsvatni við útrás skulu gerðar mánaðarlega fjórða hvert ár.

2.7 Reykholt

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð í Reykholti gildir frá 10. ágúst 2021 til 10. ágúst 2033. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í grein 4.1 og 4.3 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar og rennsli um stöðina.
- Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni skal gera mælingar á lífefnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafraðilegri súrefnispörf (COD) og heildarstyrk svifagna (TSS) á 3 mánaða fresti. Einnig gerlagreiningar á saurkólí og saurkokkum á yfirborðsvatni við útrás skulu gerðar mánaðarlega fjórða hvert ár.

2.8 Varmaland

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð í Varmalandi gildir frá 10. ágúst 2021 til 10. ágúst 2033. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í grein 4.1 og 4.3 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar og rennsli um stöðina.
- Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni skal gera mælingar á lífefnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafraðilegri súrefnispörf (COD) og heildarstyrk svifagna (TSS) á 3 mánaða fresti. Einnig gerlagreiningar á saurkólí og saurkokkum á yfirborðsvatni við útrás skulu gerðar mánaðarlega fjórða hvert ár.

2.9 Bifröst

Starfsleyfi fyrir hreinsistöð á Bifröst gildir frá 10. ágúst 2021 til 10. ágúst 2033. Afrit af starfsleyfinu og starfsleyfisskilyrðunum má finna í Viðauka I.

Í grein 4.1 og 4.3 í starfsleyfisskilyrðunum er gerð krafa um:

- Sýnatökur og mælingar á inn- og útrennsli stöðvarinnar og rennsli um stöðina.
- Magn seyru, sands og fitu/olíu sem hreinsað er úr skólpinu.
- Efnagreiningar á sýnum úr fráveituvatni fyrir hreinsun, samhliða efnagreiningum á hreinsuðu fráveituvatni skal gera mælingar á lífefnafræðilegri súrefnispörf (BOD), efnafraðilegri súrefnispörf (COD) og heildarstyrk svifagna (TSS) á 3 mánaða fresti. Einnig gerlagreiningar á saurkólí og saurkokkum á yfirborðsvatni við útrás skulu gerðar mánaðarlega fjórða hvert ár.

3 Framfylgd sýnatökukrafna

Hér á eftir er yfirlit yfir þau verk sem Veitur og sinntu eða létu sinna til að mæta kröfum starfsleyfanna. Ítarlegri samantekt og samanburð við starfsleyfiskröfur má finna í viðauka.

3.1 Skerjafjarðarveita

Til að framfylgja kröfum sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Skerjafjarðarveitu, sjá töflu 1.

Tafla 1 – Fastar mælingar í Skerjafjarðarveitu

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	15 mínútna fresti, gögn vistuð sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn sem fjallað var um í kafla 2.2 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 2.

Tafla 2 – Sýnatökur fyrir Skerjafjarðarveitu

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
23. mars 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 10 mínútna fresti, samtals 12 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundmeðaltölum rennslismælinga í stöðinni).	TSS, COD, fita, TP, TN, Anjónísk, katjónísk og ójónuð yfirborðsvirk efni, fenól vísir, Ólífræn snefilefni (As, Pb, Cd, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn), Kjeldahl-NH ₃ -N, Nítrat-nítrít-N
30. mars 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
14. júní 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	TSS, fita, COD, TP, TN, Kjeldahl-NH ₃ -N, Nítrat-nítrít-N
28. júní 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
20. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	TSS, fita, COD, TP, TN, BOD
7. október 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	TSS, fita, COD, TP, TN, BOD
2. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	TSS, fita, COD, TP, TN, BOD
14. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	TSS, fita, COD, TP, TN, BOD, Ólífræn snefilefni (As, Al, Pb, Cd, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn, Fe, Ba, Co, Ca, Mg, Mn, Mo, K, Na, V)
27. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	TSS, fita, COD, TP, TN, BOD

Farið var með litla tilraunafarma ristarúrgangs og fituúrgangs frá skólphreinsistöðvum í Reykjavík í brennslu á árinu 2021. Það var gert í tilraunaskyni, til að láta reyna á hvernig gengi að taka við úrganginum og farga honum í brennslustöð. Þetta úrgangsmagn er ekki inni í birtum magntölunum, en mat höfunda er að það sé smávægilegt í samanburði við skráð magn.

3.2 Sundaveita

Til að framfylgja kröfum sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Sundaveitu, sjá töflu 3.

Tafla 3 – Fastar mælingar fyrir Sundaveitu

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 4 á næstu síðu.

Tafla 4 – Sýnatökur fyrir Sundaveitu

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
30. mars 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 10 mínútna fresti, samtals 12 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundmeðaltölum rennslismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN, anjónísk-,ójónuð- og katjónísk yfirborðvirkefni, Phenol index, Ólífræn snefilefni (As, Cd, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn,) , Kjeldahl-NH ₃ -N, Nítrat, saurgerlasýni
	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
21. júní 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN, Kjeldahl-NH ₃ -N, Nítrat
28. júní 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
20. júlí 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
20. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
7. október 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
21. október 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
3. nóvember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
15. nóvember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
2. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
14. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN, Ólífræn snefilefni (As, Al, Pb, Cd, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn, Fe, Ba, Co, Ca, Mg, Mn, Mo, K, Na, V)
27. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN

3.3 Kjalarnes

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.3 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Kjalarnesi, sjá töflu 5.

Tafla 5 – Fastar mælingar fyrir Kjalarnes

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.3 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 6.

Tafla 6 – Sýnatökur fyrir Kjalarnes

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
3. mars 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 10 mínútna fresti, samtals 12 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundmeðaltölum rennslismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN, Ólífræn snefilefni (As, Pb, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn)
8. júní 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN,
14. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN, BOD, Ólífræn snefilefni (As, Al, Pb, Cd, Cr, Cu, Ni, Hg, Ag, Zn, Fe, Ba, Co, Ca, Mg, Mn, Mo, K, Na, V)

3.4 Akranes

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Akranesi, sjá töflu 7.

Tafla 7 – Fastar mælingar fyrir Akranes

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.4 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 8 á næstu síðu.

Tafla 8 – Sýnataka fyrir Akranes

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
17. febrúar 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
3. mars 2021	Sjósýni í fjöruborði	— —	Saurgerlasýni
24. mars 2021	Sjósýni í fjöruborði	— —	Saurgerlasýni
30. mars 2021	Sjósýni í fjöruborði	— —	Saurgerlasýni
19. apríl 2021	Sjósýni í fjöruborði	— —	Saurgerlasýni
14. maí 2021	Sjósýni í fjöruborði	— —	Saurgerlasýni
9. júní 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 10 mínútna fresti, samtals 12 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundmeðaltölum rennislismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN,
15. júní 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
15. júlí 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
19. ágúst 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
13. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, TSS
21. október 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, TSS
22. október 2021	Sjósýni í fjöruborði	Gripsýni úr sjó, tekið úr bát	Saurgerlasýni
22. nóvember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, TSS
28. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, TSS

3.5 Borgarnes

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Borgarnesi, sjá töflu 9.

Tafla 9 – Fastar mælingar í Borgarnesi

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.5 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 10.

Tafla 10 – Sýnataka fyrir Borgarnes

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
3. mars 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 10 mínútna fresti, samtals 12 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundmeðaltölum rennslismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
8. júní 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
13. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, TSS,
21. október 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, TSS
22. nóvember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, TSS
28. desember 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	— —	Styrkur BOD, TSS

3.6 Hvanneyri

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Hvanneyri, sjá töflu 11.

Tafla 11 – Fastar mælingar fyrir Hvanneyri

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.6 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 12.

Tafla 12 – Sýnataka fyrir Hvanneyri

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
22. febrúar 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 20 mínútna fresti, samtals 6 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundameðaltölum rennislismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. maí 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
16. júní 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
23. júní 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
1. júlí 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD. COD, TSS, fitu, TP, TN

3.7 Reykholt

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Reykholti, sjá töflu 13.

Tafla 13 – Fastar mælingar fyrir Reykholt

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.7 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 14.

Tafla 14 – Sýnataka fyrir Reykholt

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
22. febrúar 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 20 mínútna fresti, samtals 6 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundameðaltölum rennismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. maí 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN
16. júní 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
23. júní 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
1. júlí 2021	Viðtakasýni hjá útrás	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN

3.8 Varmaland

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar í Varmalandi, sjá töflu 15.

Tafla 15 – Fastar mælingar fyrir Varmaland

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.8 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 16.

Tafla 16 – Sýnataka fyrir Varmaland

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
22. febrúar 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 20 mínútna fresti, samtals 6 hlutsýni yfir einn sólarhring. Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundameðaltölum rennismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Eftir hreinsun	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
26. maí 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Eftir hreinsun	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN

3.9 Bifröst

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.2 þá eru eftirfarandi fastar mælingar á Bifröst, sjá töflu 17.

Tafla 17 – Fastar mælingar fyrir Bifröst

Staðsetning	Mælistærð	Tíðni
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Rennsli	Frumgögn með 15 mínútna tíðni varðveitt sem klukkustundameðaltöl
Hreinsiferill skólphreinsistöðvar	Mælingar á massa fasts úrgangs	Við sérhverja losun

Til að framfylgja kröfum fyrir fráveituvatn eftir hreinsun sem fjallað var um í kafla 2.9 þá voru eftirfarandi sýnatökur og sýnagreiningar framkvæmdar, sjá töflu 18.

Tafla 18 – Sýnataka fyrir Bifröst

Dagsetning	Staðsetning	Tegund sýnatöku	Greiningar
22. febrúar 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni (50 mL sýni tekin á 20 mínútna fresti, samtals 6 hlutsýni yfir einn sólarhring Blöndun hlutsýna vegin út frá klukkustundameðaltölum rennislismælinga í stöðinni.)	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Eftir hreinsun	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
26. maí 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur COD, TSS, fitu, TP, TN
	Eftir hreinsun	Gripsýni úr vatni	Saurgerlasýni
27. september 2021	Fráveituvatn eftir hreinsun	Blandsýni	Styrkur BOD, COD, TSS, fitu, TP, TN

4 Niðurstöður greininga

Helstu niðurstöður greininga eru dregnar fram í formi mynda og taflna í þessum kafla. Niðurstöður allra greininga má þar að auki nálgast í viðauka.


4.1 Heildarstyrkur svifagna (TSS)

Allar sýnatökur til mælinga á heildarstyrk svifagna á árinu 2021 voru úr hreinsuðu skólpi. Þ.e.a.s. sýni voru tekin aftan við öll hreinsivirki í hreinsistöðvum sem eru, eftir atvikum, t.d. síur, sandfelliþrær, lífræn hreinsivirki o.s.frv.

Á árinu 2022 stefna Veitur á að afla gagna um styrk helstu mengunarmælipátta í óhreinsuðu skólpi til samanburðar við sambærilegar niðurstöður úr hreinsuðu skólpi, til að geta metið árangur hreinsferla. Samanber fyrirliggjandi áætlun um sýnatökur sem birt er í kafla 5, með fyrirvara um breytingar sem kunna að verða.

4.1.1 Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps


Mynd 3 sýnir niðurstöður mælinga á styrk svifagna í hreinsuðu skólpi fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um eins þreps hreinsun. Þær eru Ánanaust, Borgarnes, Kjalarnes, Klettagarðar og Akranes.



Mynd 3 – Heildarstyrkur svifagna í hreinsuðu skólpi, fyrir stöðvar þar sem krafa er um eins þrep hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

4.1.2 Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps

Mynd 4 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á styrk svifagna fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun. Þær eru Bifröst, Hvanneyri, Reykholt og Varmaland. Hámarks ústreymisstyrkur fyrir þessar stöðvar eru 35 mg/L og fer ein mæling yfir það gildi og var það í hreinsistöðinni á Bifröst þann 26.maí 2021.




Mynd 4 – Heildarstyrkur svifagna í hreinsuðu skólpi, fyrir stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

4.2 Efnafræðileg súrefnisþörf (COD)

4.2.1 Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps

Mynd 5 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á styrk efnafræðilegar súrefnisþarfar (COD) fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um eins þreps hreinsun. Þær eru Ánanaust, Borgarnes, Kjalarnes, Klettagarðar og Akranes.




Mynd 5 – Styrkur efnafræðilegar súrefnisþarfar (COD) í hreinsuðu skólpu fyrir stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Óvenjulegt mæligildi frá Klettagörðum er auðkennt með punktalínu og haft sér, sjá nánari umfjöllun í texta. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

Eins og sést á grafinu hér fyrir ofan er eitt sýni sem tekið var í Klettagörðum 30.mars 2021 með óvenjulega hátt mæligildi á COD. Þar mældist COD styrkur sýnisins 949 mg/L. Þetta frávik uppgötvaðist ekki fyrr en við gerð þessarar skýrslu og ekki hefur fundist nein skýring á því þrátt fyrir eftirgrennslan. M.ö.o., höfundum er ekki kunnugt um neinar óyggjandi vísbendingar sem benda til þess að ástæða sé að rengja niðurstöðuna, né sem styrkja réttmæti fráviksins umfram aðrar mælingar. Þetta sama frávik veldur útslagi í niðurstöðum sem sýndar eru í kafla 4.4.1 Mat á fjölda persónu eininga. Höfundar telja ekki ástæðu til að viðhafa frekari vangaveltur um skýringar í þessari yfirlitsskýrslu.

4.2.2 Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps

Mynd 6 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á styrk efnafræðilegar súrefnisþarfar (COD) fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun. Þær eru Bifröst,

Hvanneyri, Reykholt og Varmaland. Hámarks ústreymsstyrkur fyrir þessar stöðvar eru 125 mg/L og fer engin mæling yfir það gildi.




Mynd 6 – Styrkur efnafræðilegar súrefnisþarfar (COD) í hreinsuðu skólpu fyrir stöðvar með tveggja þrepa hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

4.3 Lífefnafræðileg súrefnisþörf (BOD)

4.3.1 Stöðvar þar sem krafa er um eins þreps hreinsun skólps


Mynd 7 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á styrk lífefnafræðilegar súrefnisþarfar (BOD) fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um eins þreps hreinsun, þær eru Ánanaust, Borgarnes, Kjalarnes, Klettagarðar og Akranes.



Mynd 7 – Styrkur sýna fyrir lífefnaræna súrefnisþörf (BOD) fyrir skólphreinsistöðvar með eins þreps hreinsun. Mæligildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

4.3.2 Stöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun skólps

Mynd 8 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á styrk lífefnafræðilegar súrefnisþarfar (BOD) fyrir skólphreinsistöðvar Veitna þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun. Þær eru Bifröst, Hvanneyri, Reykholt og Varmaland en aðeins voru tekin sýni á Hvanneyri og Reykholti árið 2021. Hámarks útstreymisstyrkur fyrir þessar stöðvar eru 25 mg/L og fer engin mæling yfir það gildi.




Mynd 8 – Styrkur sýna fyrir lífefnaræna súrefniþörf BOD fyrir skólphreinsistöðvar þar sem krafa er um tveggja þrepa hreinsun.


4.4 Aðrar mælingar og afleiddar niðurstöður

4.4.1 Rennsli


Niðurstöður mælinga á rennsli um hreinsistöðvar Veitna má sjá á myndum 9 til og með 12.




Mynd 9 – Rennslisraðir úr hreinsistöðvunum við Klettagarða og Ánanaust.



Mynd 10 – Rennslisraðir úr hreinsistöðvunum á Brákarey við Borgarnes og við Kalmansvík á Akranesi.



Mynd 11 – Rennslisraðir fyrir hreinsistöðvarnar við Hvanneyri og við Vallarhverfi á Kjalarnesi.



Mynd 12 – Rennslisraðir fyrir hreinsistöðvarnar við Bifröst, Reykholt og Varmaland. Óvenjulegar sveiflur og gildi fyrir Bifröst og Reykholt gætu skýrst að óáreiðanlegum mælingum.

4.4.2 Mat á lífrænu álagi á hreinsistöðvar Veitna (fjöldi persónueininga (PE))

Ein persónueining (PE) er mælieining sem á að endurspegla það magn lífrænna efna sem hver einstaklingur er að meðaltali talinn losa frá sér á einum sólarhring. Magnið er 60 g BOD/dag (sjá t.d. skilgreiningu í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólp).

COD er efnafræðileg súrefnisþörf og BOD er lífræðileg súrefnisþörf. Til að fylla upp í gildin þegar ekki var mælt BOD var gripið til þess ráðs að áætla BOD styrk út frá mælingum á COD styrk. Það var gert með að nota hlutfallið 2,8 g COD / g BOD. Það var fengið með samanburði samtíma mælinga á styrk BOD og COD í fráveituvatni fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem hvort tveggja hefur nú verið mælt samtímis frá og með haustinu 2021 (sjá niðurstöður á mynd 5 og mynd 7). Til þess að meta fjölda persónueininga í hverri stöð út frá fyrirliggjandi gögnum þarf að margfalda niðurstöður um styrk BOD, sem byggja á greiningum á sólarhringshlutsýnum (samanber skýringar í kafla 3), með sólarhringsmeðalrennsli og deila svo með *60 g BOD/dag/persónueiningu* til að niðurstöður verði í mælieiningunni persónueiningum (PE) til samræmis við skilgreininguna hér að framan.

Til að meta lífrænt álag á hreinsistöðvar Veitna þyrftu að liggja fyrir mælingar á styrk BOD í aðstreymi, og samsvarandi rennismælingar. Aðstreymisstyrkur BOD var ekki mældur á árinu 2021 heldur aðeins útstreymisstyrkur. Því var gripið til þess ráðs að beita einföldum forsendum um hreinsivirkni stöðvanna út frá þeim takmörkuðu vísbendingum sem liggja fyrir um hana. Stefnt er að því að bæta þar úr á árinu 2022 svo notast megi við raungögn í stað áætlaðra sem skýrð eru hér á eftir. Sjá nánar fyrirliggjandi sýnatökuáætlun ársins 2022 í kafla 5, sem þar er birt með fyrirvara um breytingar.


Niðurstöður Snorra og Birgis (2014) benda til þess að aðstreymisstyrkur COD fyrir Reykjavík sé aðeins að litlu leyti hærrí en útstreymisstyrkur. Því var talið óþarft að reikna út áætlaðan útstreymisstyrk til birtingar, heldur var látið duga að birta útstreymisstyrk sem staðgöngubreytu fyrir aðstreymisstyrk. Gert var ráð fyrir að sama forsenda gilti um Kjalarnes, Akranes og Borgarnes, enda eru hreinsistöðvarnar sambærilegar í megindrattum. Skýrist þetta af lítilli hreinsivirkni stöðvanna með tilliti til lífbrjótanlegra efna.

Fyrir litlu skólphreinsistöðvarnar Varmaland, Hvanneyri, Bifröst og Reykholt, þar sem hreinsun á lífbrjótanlegum efnum úr skólpinu er meiri þrátt fyrir að það hafi ekki verið stutt með mælingum, er hins vegar notast við þá forsendu að útstreymi BOD sé 70% lægra en aðstreymi. Sá hreinsiárangur er lágmarkskrafa starfsleyfa.

Til að skýra framsetningu niðurstaðna þá er stöðvum skipt í þrjá stærðarflokka fyrir birtingu niðurstaðna. PE skalinn fyrir stórar, millistórar og litlar skólphreinsistöðvar er mismunandi sökum þess að gildin spanna stórt bil.

Mynd 13 sýnir niðurstöður fyrir straum á lífbrjótanlegu efni fyrir stórar skólphreinsistöðvar Veitna. Hámarksálag fyrir stóru skólphreinsistöðvar Veitna, stöðvarnar Klettagarða og Ánanaust á höfuðborgarsvæðinu, er samanlagt 500.000 PE. Farið er yfir það gildi í mælingu fyrir Klettagarða þann 30. mars 2021, eins og kom fram í kafla 4.2 *Efnafræðileg súrefnisþörf*, en restina af árinu er það undir hámarksálagi. Ekki fannst skýring á háu mæligildi þrátt fyrir eftirgrennslan, en skýrari mynd mun birtast af sveiflum í lífrænu álagi á stöðvarnar með tíðari mælingum frá og með haustinu 2021, í samræmi við nýjar kröfur starfsleyfa um mælitíðni.


Áætlað lífrænt álag á stórar stöðvar



Mynd 13 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir stórar skólphreinsistöðvar Veitna. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnisþörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Gildi reiknað út frá óvenjulegum COD niðurstöðum úr Klettagörðum er auðkennt með gráum punkti umluktum punktalínu, auk þess sem samtölulína er höfð sem punktalína á því bili (sjá nánari skýringar í kafla 4.2). Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.


Auk mælinganna sem búa að baki niðurstaðnanna á grafinu voru teknar fjórar mælingar í Klettagörðum í júlí, október og nóvember án þess að sömu mælingar væru gerðar í Ánanaustum á sama tíma. Því er ekki hægt að reikna samanlagt álag frá stöðvunum tveimur þessa daga með áreiðanlegum hætti. Þetta er gert svo ekki þurfi að fylla í eyður með ágiskunum. Allar niðurstöður mælinga á styrk BOD og COD í Ánanaustum og Klettagörðum má sjá í kafla 4.3 og 4.2 og í viðauka og rennslisraðir stöðvanna má sjá í kafla 4.4.1.

Mynd 14 sýnir niðurstöður fyrir straum á lífbrjótanlegu efni fyrir millistórar skólphreinsistöðvar Veitna. Hámarksálag fyrir Akranes er 35.000 PE en fer straumurinn aldrei yfir það, sömuleiðis fyrir Borgarnes þar sem hámarksálagið er 12.500 PE.




Mynd 14 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir millistórar skólphreinsistöðvar Veitna (Akranes og Borgarnes). Öll gildi eru afleiðdar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnisþörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

Mynd 15 sýnir niðurstöður fyrir mælingar á lífbrjótanlegu efni fyrir Kjalarnes, þar sem hámarksálag er 2.500 PE en fer engin mæling yfir það gildi.




Mynd 15 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Kjalarnes. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnispörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum.

Mynd 16 sýnir niðurstöður á mælingu fyrir straum á lífbrjótanlegu efni fyrir Reykholt og einnig áætlað BOD aðstreymi fyrir hreinsistöðina. Hámarksálag fyrir Reykholt er 300 PE og fer stöðin ekki yfir það gildi.




Mynd 16 – Straumur á lífbrjótanlegu efni fyrir Reykholt. Öll gildi eru afleiddar niðurstöður, reiknaðar út frá mælingum á súrefnisþörf (sjá kafla 4.3 og 4.2) og rennsli (sjá kafla 4.4.1). Útreiknuð gildi eru sýnd með punktum, en þeir eru tengdir saman með strikum til að bæta læsileika. Lágmarkstíðni mælinga ræðst af starfsleyfiskröfum. Hámarksálag samkvæmt starfsleyfi er hátt yfir hæsta mælda gildi og því ekki sýnt á grafinu til að bæta læsileika, en það nemur 300 PE.

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum.
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfsemi. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvva. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir skólphreinsistöð að Klettagörðum 14.

Nafn leyfishafa: Orkuveita Reykjavíkur-vatns sf.

Heimilisfang: Bæjarhálsi 1

Póstnúmer: 110

Kennitala: 591213-0160

Útgáfudagur leyfis: 20. október 2020

Gildir til: 20. október 2032

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur – Vatns og fráveitu sf. að Klettagörðum 14.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sækir um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 20. október 2020

Arnybjörgur Þóttir



Starfsleyfisskilyrði fyrir skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur- Vatns og fráveita sf. við Klettagarða 14

1. Gildissvið og almenn atriði

- 1.1 Starfsleyfið er gefið út fyrir rekstraraðila, Orkuveitu Reykjavíkur- Vatns og fráveita sf., kt: 591213-0160, hér eftir kallaður rekstraraðili og gildir fyrir rekstur eins þreps skólphreinsistöðvar við Klettagarða 14, meðfylgjandi dælustöðvar sem henni fylgja (sjá viðauka I) og verkstæði að Klettagörðum 14. Samanlögð móttaka skólps í báðum stöðvum rekstraraðila (Klettagarðar og Ánanaust) skal að hámarki vera 500.000 persónueiningar (PE).
- 1.2 Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi.
- 1.3 Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hætta af.
- 1.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 1.5 Heimilt er að endurskoða starfsleyfið ef mengun af völdum skólplósunar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis. Sömuleiðis er heimilt að endurskoða leyfið ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða ef fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rlg. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Sama gildir ef breytingar verða á kröfum um hreinsun skólps í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólpl.
- 1.6 Starfsleyfið skal endurskoða á fjögurra ára fresti. Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.7 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rlg. 550/2018. Verði breyting á rekstrinum sem leiðir til losunar á meira en 500.000 persónueiningum eða aukins mengunarálags á viðtaka ber að sækja um starfsleyfi að nýju.



Mengunarvarnir

- 1.8 Ef niðurstöður vöktunar eða önnur gögn sýna fram á að umhverfismarkmið í vatnaáætlun nást ekki skal í samræmi við 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, ef unnt er, gera ráðstafanir til að bæta ástand vatnshlotsins. Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að endurskoða starfsleyfið, þegar við á, í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð.
- 1.9 Rekstraraðila ber einnig að fylgja almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eins og við á.
- 1.10 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.11 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.12 Rekstraraðila ber að hafa tryggingu í samræmi við ákvæði í gr. 16 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Staðfestingu á tryggingu skal framvísa í eftirliti.
- 1.13 Eintak af starfsleyfisskilyrðunum og viðkomandi reglum skulu ávallt tiltæk í hreinsistöðinni. Skulu starfsleyfisskilyrðin kynnt öllu starfsfólki stöðvanna.
- 1.14 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi.
- 2.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.



3. Hreinsun skólps

- 3.1 Viðtaki hefur verið skilgreindur sem síður viðkvæmur og skal því stöðin hreinsa skólþ með a.m.k. eins þreps hreinsun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 20 gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Þar kemur fram að fyrsta þreps hreinsun skólþ sé með aflfræðilegum og /eða efnafræðilegum aðferðum þar sem svifagnir eru botnfelldar eða önnur hreinsun þar sem BOD5- gildi skólþ er lækkað um að minnsta kosti 20% áður en það er losað og heildarmagn svifagna í skólþi er lækkað um að minnsta kosti 50%.
- 3.2 Eftirlit og viðhald skólþhreinsibúnaðar skal vera fyrirbyggjandi og með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.

4. Meðferð hættulegra efna, úrgangs og spilliefna

- 4.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum og meðhöndla af varúð. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 4.2 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hættu á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum.
- 4.3 Ekki skal stafa efna-, sótt- eða lyktarmengun af meðferð og flutningi fasts úrgangs.
- 4.4 Flutningsaðili úrgangs og spilliefna skal hafa gilt starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir starfsemi sinni.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Rekstraraðili skal háttu starfseminni þannig að sem minnstri mengun valdi.
- 5.2 Starfseminni skal þannig háttuð að hún valdi ekki fólk í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur.



Mengunarvarnir

- 5.3 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar af völdum rekstursins sbr. ákvæði í gr. 18 í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Áætlunin skal liggja fyrir áður en starfsleyfi þetta er gefið út og skal byggja á áhættumati sbr. ákvæði í áðurnefndri grein í lögum. Áætlunin skal uppfæra eftir þörfum. Æfa skal viðbrögð við bráðamengun reglulega og hið minnsta tvisvar sinnum á ári.
- 5.4 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa í stöðinni til staðar. Viðbragðsáætlunin skal taka á leka á bensíni, olíu- og öðrum spilliefnum og hættulegum efnum og skal hún samþykkt af Heilbrigðiseftirlitinu. Skal starfsmönnum kynnt áætlunin og þeir þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni.
- Í viðbragðsáætlun skal m.a. koma fram:
- i Mesta magn og tegund mengandi efna sem gætu borist út í umhverfið.
 - ii Hvernig bregðast skuli við menguninni.
 - iii Nöfn og símanúmer viðbragðsaðila sem tilkynna skal um mengunaróhættið.
 - iv Hvernig staðið verður að förgun á menguðu efni.
- 5.5 Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Skila skal úrgangi til móttökuaðila sem hefur til þess tilskilin leyfi.
- 5.7 Sá sem annast flutning fasts úrgangs frá stöðinni skal hafa tilskilin leyfi til þess, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
- 5.8 Við tæmingu á fituþró þarf að koma í veg fyrir lyktarmengun eins og unnt er.
- 5.9 Tryggja skal að útblástursloft frá stöðinni valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna efna-, sótt- eða lyktarmengunar.
- 5.10 Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu III Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.
- 5.11 Forðast skal að höggghljóð myndist við almennt viðhald búnaðar og meðferð gáma.



6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Tryggt skal að eftirlitsaðferðir þær sem beitt er séu að minnsta kosti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 6.2 Beita skal viðurkenndum alþjóðlegum rannsóknaraðferðum sem miða að því að gæði sýna rýrni ekki milli þess sem þeim er safnað og þau greind.
- 6.3 Beita má öðrum aðferðum en þeim sem getið er í ofangreindri reglugerð. að því tilskildu að hægt sé að færa sönnur á að sambærilegar niðurstöður fái.
- 6.4 Eftirfarandi mælingar skulu fara fram í skólþstöðvunum:

Færibreyta	Aðferð	Tíðni
Rennsli	Rennslismæling	15. mín. fresti
Fastur úrgangur:		
Magn fasts úrgangs	Sískráning og vigtun	samfelld
Þurrefni, COD, fita, TP, TN, valin ólífræn snefilefni*	Sýnataka	4 ára fresti
Fráveituvatn fyrir og eftir hreinsun í hreinsistöðvum:		
TP, TN, COD, fita, ólífræn snefilefni	Mat*	4 ára fresti
Fráveituvatn eftir fitu- og sandskilju:		
Fita, svifagnir, BOD, COD, TN, TP	Sýnataka	24x á ári



Mengunarvarnir

Ólífræn snefilefni**	Sýnataka	2x á ári
Valin aðskotaefni***	Sýnataka	4 ára fresti

*Matið byggir á færribreytum í föstum úrgangsefnum, sem hreinsuð eru úr innstreymi, og sömu færribreytum í útstreymi.

**Cd,Cu,Ni,Pb,Zn,Hg,Cr, Ag, As

*** Á tímabili þessa starfsleyfis skal starfsleyfishafi gera grein fyrir losun hreinsiefna (anjónískra, katjónískra, og ójónískra) auk fenóla og olfu.

6.5 Eftirfarandi rannsóknir skulu fara fram í viðtaka:

Aðferð	Mælipáttur	Staðsetning	Tíðni
Sjósýni	Örverur *	Við yfirfallsútrásir (í þurru veðri eftir þurrkakafli)	4 ára fresti
Kræklingur	Líffræðilegir þættir, örverur, lífræn aðskotaefni, ólífræn snefilefni, biomarker	Eftir dreifurum og á sniði milli miðju beggja dreifara	4 ára fresti
Sjósýni, viðtaki	Örverur*, O ₂ , SS, TN, TP, selta, blaðgræna	Á og við þynningarsvæðin	4 ára fresti
Set	Stöðugar samsætur N og C, ólífræn snefilefni, stoðþættir	Á völdum stöðum á og utan þynningarsvæða	8 ára fresti

* kólíbakteríur, saurkólígerlar og saurkokkar

- 6.6 Leyfilegur hámarks fjöldi sýna (BOD₅ og svifagnir) sem ekki uppfylla settar kröfur eru 3 sbr 3. töflu í I. viðauka reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- 6.7 Fjöldi hitapolinna kólíbaktería, saurkólígerla eða saurkokka, sbr. fylgiskjal 2 reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp, skal utan þynningarsvæðis í a.m.k. 90% tilfella vera undir 1000 pr. 100 ml miðað við lágmark 10 sýni. Þar sem útivistarsvæði eru við fjörur ellegar matvælaíðnaður í grennd skal fjöldi hitapolinna kólíbaktería eða



Mengunarvarnir

- saurkokka í a.m.k. 90% tilfella vera undir 100 pr. 100 ml utan þynningarsvæðis miðað við lágmark 10 sýni.
- 6.8 Þynningarsvæði fyrir saurkólígerla eða saurkokka afmarkast af ellipsulaga svæðum sem lýst er með $(x/5,0)^2 + (y/2,5)^2 = 1$, sbr. meðfylgjandi uppdrátt, fyrir bæði Ánanaust og Klettagarða (eining: km). Skammás ellipsu fyrir Ánanaust er 10° rangsælis frá norðri. Skammás ellipsu fyrir Klettagarða er 15° réttisælis frá norðri. Miðja ellipsanna er á miðju dreifistúta á hvoru svæði. Þynningarsvæðin ná aldrei inn á strandsvæði
- 6.9 Heimilt er að fara fram á mælingar á öðrum þáttum en hér eru tilgreindir að ofan ef þörf þykir.

7. Skráningar og tilkynningar

- 7.1 Öll tilvik þar sem verður bráðamengun frá starfseminni ber að tilkynna tafarlaust til Heilbrigðiseftirlitsins.
- 7.2 Skrá skal tímabil þegar skólp er ekki hreinsað í samræmi við kröfur í starfsleyfi og ástæðu þess.
- 7.3 Skrá skal atvik þegar skólp hefur óvenjulegt útlit eða óvenjulega lykt.
- 7.4 Skrá skal kvartanir sem berast vegna stöðvanna og viðbrögð við þeim.
- 7.5 Tilkynna þarf samdægurs til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þegar rekstrartruflanir og bilarnir verða sem leiða til losunar út í umhverfið.
- 7.6 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatns ber að skrá. Ef magnið er verulegt eða yfir 50. lítrar ber að tilkynna það tafarlaust til Heilbrigðiseftirlitsins.
- 7.7 Fyrstu sýnatökur og mælingar í hreinsivirkjum samkvæmt þessu starfsleyfi skulu fara fram árið 2020. Rannsóknir á viðtaka utan sets skulu fara fram þrisvar á tímabili þessa starfsleyfis, fyrst 2020-2022, í annað skipti 2024-2026 og í þriðja sinni 2028-2030. Setrannsóknir skulu fara fram tvisvar á tímabili þessa starfsleyfis, annars vegar á tímabilinu 2020-2022 og hins vegar á tímabilinu 2028-2030.
- 7.8 Skýrslu þar sem fram kemur yfirlit yfir mælingar og skráningar í hreinsistöðvum frá 1. janúar til loka desember skal skila til Umhverfissviðs Reykjavíkur fyrir 1. apríl árið eftir. Skýrslur um niðurstöður rannsókna á viðtaka skal skilað til Umhverfissviðs Reykjavíkur fyrir lok ársins eftir að rannsókn fór fram.



8. Starfsemi hætt

- 8.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 8.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf.
- 8.3 Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið. Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

9. Annað

- 9.1 Tryggja þarf að aðstaða fyrir tæmingu á úrgangi úr húsbílum og rútum sé snyrtileg og reglulega þrífín og komið sé í veg fyrir mengun og ónæði í umhverfinu.



Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi

1. Gildissvið og almenn ákvæði

- 1.1 Almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi eru gefin út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur eftirlit með starfseminni.
- 1.2 Handhafi starfsleyfis skal vera sá einstaklingur eða lögaðili sem rekur eða stýrir þeirri starfsemi sem starfsleyfið nær til, hér eftir kallaður rekstraraðili. Rekstraraðila ber að sjá til þess að starfsemin sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda og ákvæði starfsleyfisskilyrða. Rekstraraðili ber ábyrgð á að starfsemin fari með þeim hætti að hvorki fólki né umhverfi stafi hættu af.
- 1.3 Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða ef mengun er meiri en búast mátti við. Sama gildir ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildi eða fram kemur ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna, samanber gr. 5 í rgl. 550/2018.
- 1.4 Um endurskoðun á starfsleyfisskilyrðum skal fara skv. ákvæðum í gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018.
- 1.5 Verði meiri háttar breyting á rekstrinum eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Ef rekstraraðili fyrirhugar að gera breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem varðað geta starfsleyfið ber honum að tilkynna Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um það með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara, sbr. gr. 13 í rgl. 550/2018. Heilbrigðiseftirlitið metur upplýsingarnar innan fjögurra vikna frá móttöku þeirra og tilkynnir rekstraraðila skriflega um það hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi.
- 1.7 Öll mengunaróhöpp þar sem hættuleg efni eða spilliefni berast í fráveitu, jarðveg, sjó eða yfirborðsvatn ber tafarlaust að tilkynna Heilbrigðiseftirlitinu.
- 1.8 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.9 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.10 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer skv. gr. 57 í rgl. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.11 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.



- 1.12 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 2.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 2.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

3. Meðferð hættulegra efna

- 3.1 Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að efnavara eða stök efni séu geymd í læstum hirslum
- 3.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að mönnum og umhverfi stafi ekki hætta af þeim.
- 3.3 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.4 Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablanda.
- 3.5 Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustaðnum.
- 3.6 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á varasömum efnum. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, á efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 4.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti farið fram.



- Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 4.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust ílát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hjaski.
 - 4.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 4.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 4.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu aðgengilegar við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 4.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 4.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs m.s.br.

5. Mengunarvarnir

- 5.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 5.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á.m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 5.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi meiri mengun en ella. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 5.4 Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu aðgengilegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 5.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaróhappa. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi, efnum eða aðstæðum á starfsstöð. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað í starfsstöðinni. Hún skal yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Æfa skal viðbrögð við óhöppum a.m.k. einu sinni á ári. Áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði og heilsuspillandi áhrif af völdum hávaða frá starfsemi. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.



- 5.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar. sbr. gr. 5.2.
- 5.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvva. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum og eðli. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað, s.s. safntank eða lokubúnað á olíuskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 5.9 Við rekstur olíugeyma, meðhöndlun, notkun og geymslu á olíu, lýsi og grút, lífdísel og öðru lífeldsneyti, íblöndunarefni eða lífrænum leysum sem hafa svipaða eiginleika og olía og úrgangur þessara efna er meðhöndlaður eða geymdur ber að fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.s.br.
- 5.10 Þar sem neyslu-, húsa- eða lausageymar eru í notkun skulu vera öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir.
- 5.11 Neyslugeymar sem notaðir eru fyrir áfyllingu á farartæki skulu vera með yfirfyllingarviðvörðun eða yfirfyllingavörn. Afgreiðsluplan tengt olíuskilju skal vera við neyslugeyma til afgreiðslu á ökutæki, sbr. þó undanþáguákvæði í gr. 41. í rgl. 884/2017. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og gildandi stöðlum sbr. viðauka II í rgl. 884/2017. Olíu- og sandskiljur skal skoða og yfirfara reglulega, en þó eigi sjaldnar en á 6 mánaða fresti, og tæma og hreinsa eftir þörfum með hliðsjón af leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um olíuskiljur.
- 5.12 Gengið skal þannig frá neyslugeymum að ekki geti orðið sjálfrennsli frá þeim.
- 5.13 Neyslugeymir skal útbúinn afgreiðslubyssu með útsláttarbúnaði sem lokar fyrir rennsli áður en yfirfylling á sér stað. Afgreiðslubyssur skulu þannig útbúnar að ekki sé hægt að festa þær í opinni stöðu á milli afgreiðslna.
- 5.14 Þar sem olíuefni af jarðefnaolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olíuskilju. Olíuskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olíuskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 5.15 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, ásamt síðari breytingum.
- 5.16 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum rgl. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, rgl. nr. 920/2016 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, rgl. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, rgl. 787/1999 um loftgæði, rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, rgl. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, rgl. 798/1999 um fráveitur og skólp, rgl. 799/1999 um meðhöndlun seyru, rgl. 804/1999 um varnir gegn



mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og rgl. 809/1999 um olíuúrgang.

6. Eigið eftirlit og skráningar

- 6.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Eftirlit með, úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olíuskiljum, skorsteinum og loftrásum.
 - b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
 - c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Enn fremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
 - d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

7 Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.3 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 í rgl nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Samþykkt á 10. fundi umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5.12.2018.



STARFSLEYFI

Skólphreinsistöðvar aðrar s.s./yfirfallsútrásir

Starfsleyfishafi: *OR - Vatns og fráveitur sf. Hvanneyri*
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík
5912130160

Starfsstöð: *Hreinsistöð og fráveita Hvanneyri*
Flæðiengi norðan við Skeiðvöll

Fastanúmer fasteignar: 2318601

Útgáfudagur leyfis: 10. ágúst 2021

Gildir til: 10. ágúst 2033

Eigandi/forráðamaður skuldbindur sig til að sjá svo um að starfsemi og rekstur fyrirtækisins sé í samræmi við gildandi lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og önnur lög eða reglur er starfsemina varða, svo og skilyrðum á fylgiskjali með leyfi þessu.

Fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við heilbrigðiseftirlit. Ef fyrirtækið flytur eða eigendaskipti verða, fellur starfsleyfið úr gildi.

Fyrirtækið skal árlega greiða eftirlitsgjald í samræmi við gildandi gjaldskrá þar um. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við reglubundið heilbrigðiseftirlit, þar með talinni starfsleyfisvinnslu. Gjöld má innheimta með fjárnámi. Gjöld skulu tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga þegar leyfi eða þjónusta er tengd notkun fasteignar.

Starfsleyfið gildir fyrir hreinsun á 1.000 persónueiningum af skólpi.

Leyfið er útgefið samkvæmt ákvæðum gildandi laga og reglugerða

Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s. br.

Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018

Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999


Þorsteinn Narfason
framkvæmdastjóri

Starfsleyfis skilyrði

fyrir hreinsistöð og fráveitu OR á Hvanneyri

I. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

1.1 Gildissvið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir OR- vatns og fráveitu, kt. 591213-0160 hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi.

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri starfseminnar og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfis skilyrðum þessum. Rekstraraðili ábyrgist að starfsemin sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og að ákvæðum starfsleyfis og starfsleyfis skilyrða sé framfylgt. Hann ber umhverfisábyrgð, sbr. gr. 1.6 í starfsleyfis skilyrðum þessum. Starfsemi og frágangur fráveitumannvirkja skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Starfsleyfisveitandi getur sett ítarlegri skilyrði í starfsleyfi en þau sem fram koma í starfsleyfis skilyrðum þessum, ef aðstæður krefja. Jafnframt getur starfsleyfisveitandi dregið úr kröfum sem fram koma í starfsleyfis skilyrðum þessum.

1.2 Markmið

Markmið starfsleyfis skilyrða þessara er að vernda vatn og umhverfi þess þannig að tryggt sé að starfsemin hafi ekki neikvæð áhrif á viðtaka og umhverfi og valdi fólki í nágrenni ekki ónæði eða óþægindum.

1.2 Umfang

Starfsleyfið gildir fyrir tveggja þrepa skólphreinsistöð að Hvanneyri þar sem hámarksafköst móttöku eru 1.000 persónueiningum (pe.). með vísun í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 798/1998 um fráveitur og skólp.

Hreinsistöð Hvanneyri: 367883.828 X 454905.316 Y. Degrees Decimal Minutes:
N 64 34,178706 W-21 45,437444.

1.3 Stöðvun rekstar lokun

Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur skólphreinsivirkis er stöðvaður tímabundið eða ef um er að ræða varanlega rekstrarstöðvun. Í því skyni skal starfsleyfishafi útbúa áætlun um rekstrarstöðvun þar sem fjallað er um verklag sem miðar að því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif vegna rekstrarstöðvunar. Tilkynna skal eftirlitsaðila um það ef starfsemi hefst að nýju hafi starfsemin legið niðri.

1.4 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum eða eftir atvikum bestu fánlegu tækni (BAT) sé hún tiltæk og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá til þess að á athafnasvæði hreinsivirkis sé gætt fyllsta hreinlætis og að lóð sé haldið snyrtilegri. Geymsla og uppsöfnun á úrgangi og öðru því sem ekki tilheyrir starfseminni á athafnasvæði er óheimil. Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Þess skal gætt að meindýr og vargugl komist ekki í æti frá hreinsistöðinni.

Ef eftirlit leiðir í ljós að vatnshlot sem skólp er losað í uppfyllir ekki kröfur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð um fráveitur og skólp eða kröfum í öðru regluverki skal heilbrigðiseftirlit gera starfsleyfishafa viðvart og skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun. Komi til þess skal rekstraraðili kom á umhverfisvöktun sbr. grein 4.2.

Aðkoma til tæmingar eða söfnunar úrgangs skal vera fullnægjandi að mati eftirlitsaðila.

2.2 Samskipti og samráð og birting gagna

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

Almenningur á rétt á upplýsingum um niðurstöður mengunareftirlits vegna rekstursins hjá eftirlitsaðila og eru þær gerðar opinberar á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands sama á við um eftirlitsskýrslur.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Losunarmörk, þéttleiki og meðferð skólps og ofanvatns

Eftirlit og viðhald með vélum og mengunarvarnabúnaði, m.a. síum og skiljum skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun. Eftirlitskerfi skal vera með rekstri hreinsivirkisins sem gefur merki um leið og hreinsun fellur niður eða mannvirkioð starfar að öðru leyti ekki eins og til er ætlast.

4.2 Umhverfisvöktun

Starfsleyfishafi skal vakta helstu umhverfisþætti í samræmi við umfang losunar þar sem við á, í þeim tilgangi að meta það álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu gerðar samkvæmt vöktunaráætlun sem rekstraraðili leggur fram og starfsleyfishafi yfirfer og samþykkir eftir atvikum. Áætlunin skal vera til afmarkaðs tíma hverju sinni og fer í gang þegar viðtaki uppfyllir ekki kröfur eins og getið er um í grein 2.1.

Vöktun rekstraraðila skal taka mið af þeirri vöktun sem fram fer á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Starfsleyfishafi gerir tillögu að vöktunaráætlun og heilbrigðiseftirlit samþykkir að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.

4.3 Mælingar og losunarmörk

Sýnatökuaðstaða

Til staðar skal vera sýnatökuaðstaða eða staður sem gerir kleift að taka dæmigerð sýni af óhreinsuðu skólpi þar sem það kemur inn í hreinsivirkid, sem og hreinsuðu skólpi þar sem það kemur út úr hreinsivirkinu áður en það er losað í viðtaka. Fyrirkomulag sýnatökuaðstöðu skal tryggja góða blöndum skólpsins sem sýni er tekið af. Þar sem ekki er hægt að koma því við skal blöndun við sýnatöku tryggð á annan hátt, t.d. með hrærara.

Losunarmörk

Hreinsað skólp sem losað er í viðtaka skal standast losunarmörk¹ sem gefin eru töflu 1 í viðauka I í reglugerð um fráveitur og skólp. Komi til þess að reglugerðin verði endurskoðuð með strangari kröfum á stafsleyfistímanum þá gilda þær kröfur. Losunarmörkin eru tekin saman í eftirfarandi töflu (hámarksstyrkur og/eða lágmarkshreinsun) ásamt losunarmörkum um hreinsun og styrk sem skulu gilda:

	Hámarksstyrkur, mg/l	Lágmarks-hreinsun, %	Hreinsunarmarkmið, %	Fjöldi shr. blandsýna á ári***		Fjöldi sýna sem þarf að uppfylla losunarmörkin***	
BOD ₅	25	70	90	D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
COD	125	75		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Svifagnir	35*	90*		Skv. D hluta I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	4 sýni	Skv. 3. töflu í I. viðauka rgl. um fráveitur og skólp	Öll nema eitt sýni
Saurgerlar og saurkokkar við útrás	1000/100ml				12 sýni Fjórðahvert ár		Af 10 teknum sýnum má eitt falla

* Valfrjáls losunarmörk. Ákveðið í starfsleyfi.

** Starfsleyfisveitandi getur ákveðið aðra tíðni sýna eða annan fjölda sýna sem ekki þurfa að uppfylla losunarmörkin.

*** Flokkar losunarmarkna: Hámarksstyrkur, mg/l og/eða lágmarkshreinsun, %. Starfsleyfisveitandi ákveður hámarksstyrkur eða lágmarkshreinsun eigi að gilda.

4.4 Sýnataka og mat sýna

Um innra eftirlit, skólpsýnatöku, meðferð og mat á sýnum fer skv. D-hluta 1. viðauka reglugerðar um fráveitur og skólp. Ef valið er að miða við hámarksstyrk er í hverri sýnatöku nóg að taka sýni af skólpi eftir hreinsun. Ef valið er að miða við lágmarkshreinsun skal hverju sinni taka sýni fyrir og eftir hreinsun. Taka sólarhringsblandsýna skal að jafnaði vera jafndreifð yfir hvert almanaksár. Blandsýnin skulu tekin yfir sólarhring og skulu miðast við hlutfall flæðis eða sólarhrings.

¹ Annaðhvort losunarmörkin fyrir hámarksstyrk eða losunarmörkin fyrir lágmarkshreinsun eða hvor tveggja. Svifagnir eru valfrjálsar nema mælinga á þeim sé krafist í starfsleyfi.

Fyrir BOD₅, COD og svifagnir skal ákveðin fjöldi sýna uppfylla losunarmörkin (sbr. töfluna hér að ofan).

Þegar innra eftirlit tiltekins árs sýnir að hreinsivirknið uppfyllir kröfur um losun er heimilt að minnka fjölda blandsýna á ári úr 4 niður í 2 almanaksárið á eftir. Ef eitt þessara sýna stenst ekki settar kröfur skal taka 4 sýni næsta almanaksár á eftir, sbr. ákvæði hér að ofan.

4.5 Útrás og neyðaryfirfall

Útrás

Heimilt er að losa hreinsað skólþ frá hreinsistöðinni í hraun utan girðingar þaðan sem það rennur í viðtaka, 104-270-G, vatnshlotanúmer skv. lögum um stjórn vatnamála). Útrás skal vera undir lægstu vatnsstöðu og þannig frá henni gengið að náttúruleg ásýnd viðkomandi svæðis skaðist ekki. Við útrásir þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka sem ekki njóta sérstakrar verndar má hvergi vera: Set eða útfellingar, þekjur af rotverum (bakteríur og sveppir), Olía eða froða, sorp eða aðrir aðskotahlutir né efni sem veldur óþægilegri lykt, lit eða gruggi.

Neyðaryfirfall

Neyðaryfirfall er heimilt að nota þegar rafmagnsbilanir eða aðrar bilanir eða óviðráðanleg atvik verða sem stöðva skólþhreinsunina. Þegar reglulegt viðhald fer fram skal halda hreinsivirkinu í gangi sé það hægt. Notkun yfirfalla vegna rennslistoppa er óheimil.

Notkun neyðaryfirfalls skal tilkynnt eftirlitsaðila tafarlaust. Verði bilun í rekstri hreinsivirkis sem ætla má að dragi úr getu þess til að taka við og hreinsa skólþ skal viðgerð fara fram án tafar.

4.6 Skýrslugjöf

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila skýrslu um umhverfisvöktun og innra eftirlit samkvæmt greinum 4.1 til 4.3 fyrir 1. maí ár hvert vegna ársins á undan ásamt mæliniðurstöðum skv. grein 4.1. Eftirlitsaðili getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess.

4.7 Kostnaður

Rekstraraðili skal greiða kostnað við mælingar og rannsóknir á mengun samkvæmt 4. kafla. Mælingar skulu vera í höndum rekstraraðila eða aðila sem rekstraraðili tilnefni og eftirlitsaðili samþykkir.

Starfsleyfisskilyrði þessi eiga sér stoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 798/1999, um fráveitur og skólþ og reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skólphreinsistöð að Kollagrund 3.

Nafn leyfishafa: Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf.

Heimilisfang: Bæjarhálsi 1 Póstnúmer: 110

Kennitala: 591213-0160

Útgáfudagur leyfis: 11. maí 2021 Gildir: 11. maí 2021 til 11. maí 2022

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum skilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur á Kjalarnesi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 11. maí 2021





Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

LEYFI

til að starfrækja skólphreinsistöð á Kjalarnesi

Nafn leyfishafa: Orkuveita Reykjavíkur – Vatns- og fráveitur sf.

Heimilisfang: Bæjarháls 1

Póstnr. 110

Kennitala: 501213-0160

Útgáfudagur leyfis: 11. mars 2014

Gildir til 9. júní 2021

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða.

Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga og laga nr. 61/2013 um eiturefni og hættuleg efni og reglugerða settum samkvæmt þeim, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og sértækum skilyrðum fyrir skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur á Kjalarnesi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Ef starfsleyfið er gefið út til lengri tíma en fjögurra ára er heimilt að endurskoða það á fjögurra ára fresti. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 11. mars 2014





Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

1. Lóð, athafnasvæði og húsnæði

- 1.1 Rekstraraðila er skylt að halda athafnasvæði, lóð og húsnæði hreinu og snyrtilegu og gæta þess að athafnasvæðið mengist ekki eða þar safnist fyrir úrgangur, svo og hlutir og búnaður sem ekki eru í notkun eða eru starfseminni óviðkomandi. Sorpgeymslur og flát undir úrgang skulu standast kröfur Heilbrigðiseftirlitsins. Girðingum skal haldið við.
- 1.2 Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en rekstraraðili hefur fengið til afnota. Notkun lóðar og húsnæðis skal samrýmast því skipulagi og notkunargildi sem skipulags- og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Heilbrigðiseftirlitið getur krafist þess að lóð eða svæði innan hennar sé afgirt.
- 1.3 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 1.4 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemin er lögð niður eða flutt. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarpörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 1.5 Að öðru leyti skal hlýta ákvæðum gr. 16 og 18 reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. Meðferð hættulegra efna

- 2.1 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið, ónæði, heilsutjóni eða umhverfisskaða.
- 2.2 Hættuleg efni skulu ekki geymd utandyra nema tryggt sé að ekki stafi hættu af þeim.
- 2.3 Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á hættulegum efnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.
- 3.2 Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Meðal annars skulu einstakar gerðir úrgangs flokkaðar sérstaklega sé það nauðsynlegt til að endurnotkun eða endurnýting geti



- farið fram. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- 3.3 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna, m.a. með notkun skaðlausra efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
 - 3.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð traust flát sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.
 - 3.5 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
 - 3.6 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings viðkomandi úrgangs.
 - 3.7 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
 - 3.8 Leggist starfsemin niður skal öllum spilliefnum og ónothæfum efnum skilað til móttökustöðvar fyrir spilliefni.
 - 3.9 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.

4. Mengunarvarnir

- 4.1 Öll losun mengandi efna er óheimil án tilskilinna leyfa.
- 4.2 Rekstraraðila ber að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir að vatn, loft eða jarðvegur mengist. Halda skal í lágmarki mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa. Rekstraraðila er skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur í mengunarvörnum þ.á. m. uppsetningu mengunarvarnabúnaðar, s.s. hreinsunarbúnaðar, loftútrása og hávaðavarna.
- 4.3 Ástand véla og tækja skal vera með þeim hætti að ekki valdi mengun. Ástand og eftirlit með mengunarvarnabúnaði skal vera þannig að búnaðurinn virki eins vel og kostur er.
- 4.4 Mengunarvarnir skulu vera samþættar, sbr. gr. 14 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðila ber að tryggja að atvinnureksturinn sé með þeim hætti að allar viðeigandi mengunarvarnir séu viðhafðar, og til þess sé beitt bestu fánlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind. Orku skal nýta vel.
- 4.5 Heilbrigðiseftirlitið getur farið fram á að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlanir vegna mögulegra mengunaróhappa. Viðbragðsáætlanir skulu hanga uppi á áberandi stað í fyrirtækinu og ber að fara yfir þær með starfsmönnum reglubundið. Æfa skal viðbrögð við mengunaróhöppum a.m.k. einu sinni á ári.



- 4.6 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að draga úr hávaða og koma í veg fyrir ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Um hávaða fer að öðru leyti skv. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 4.7 Starfseminni skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu ónæði, óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna mengunar eða hávaða. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri, er rekstraraðila skylt að verða við kröfum Heilbrigðiseftirlitsins um úrbætur, s.s. uppsetningu hreinsibúnaðar eða hærri útrásar.sbr. gr. 4.2.
- 4.8 Þar sem fljótandi mengandi efni eru til staðar s.s. hættuleg efni, olíuefni og spilliefni skal undirlag vera vökvahelt og viðbragðsbúnaður hafður til taks, s.s. ílát og efni eða búnaður sem sýgur í sig vökvann. Uppsogsgeta búnaður skal taka mið af magni efna sem geymd eru á staðnum. Þar sem mikið magn framangreindra efna er til staðar skal auk þess hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að efnin geti borist í niðurföll. Heilbrigðiseftirlitið getur í sérstökum tilvikum gert kröfu um búnað s.s. safntank eða lokubúnað á olúskilju til að koma í veg fyrir að mengandi efni berist í fráveitu ef óhapp verður. Ef óhapp á sér stað skal leggja áherslu á að hefta útbreiðslu efnanna við uppsprettu og ná þeim upp áður en þau komast í frárennsli.
- 4.9 Þar sem olíuefni af jarðolíuuppruna eru notuð skal koma í veg fyrir að þau berist út í umhverfið. Ef gera má ráð fyrir að olíuefni berist í frárennsli skal frárennslið leitt um olúskilju. Olúskilja skal vera skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Á olúskiljunni skal vera búnaður til að loka fyrir frárennsli frá henni, þannig að hægt sé að safna þar olíu og dæla beint úr skiljunni verði stórfellt óhapp.
- 4.10 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 586/2002 um efni sem eyða ósonlaginu og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.
- 4.11 Að öðru leyti skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi, reglugerðar nr. 860/2000 um amalgammengað vatn og amalgammengaðan úrgang frá tannlæknastofum, reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmslofti og upplýsingar til almennings, reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) ásamt síðari breytingum, reglugerðar nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns, reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerðar nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerðar nr. 800/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kvikasilfri í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 802/1999 um losunarmörk, umhverfismörk og gæðamarkmið fyrir losun á kadmíum í yfirborðsvatn, reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og reglugerðar nr. 809/1999 um olúúrgang.

5. Eigið eftirlit og skráning

- 5.1 Rekstraraðili skal hafa eftirlit með öllum rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun. Jafnóðum skal skrá og geyma upplýsingar um:
- a) Úttektir, prófanir, bilanir og viðhald á mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. hreinsun á síum, olúskiljum, skorsteinum og loftrásum.



- b) Öll mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- c) Magn (kg,l) og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar eða flutningsaðila. Ennfremur nafn flutningsaðila og móttökustöðvar.
- d) Annað sem ber að skrá skv. ákvæðum reglugerða eða sértækra starfsleyfisskilyrða.

6. Ýmiss ákvæði

- 6.1 Eintak af skilyrðunum skulu ávallt tiltæk á vinnustað og skal forráðamaður fyrirtækisins bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 6.2 Um opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsemi fer skv. 12.gr. reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.
- 6.3 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu með a.m.k. 4 vikna fyrirvara ef fyrirhugaðar eru breytingar á atvinnurekstrinum.
- 6.4 Tilkynna skal Heilbrigðiseftirlitinu strax um meiri háttar mengunarslys sem kunna að verða.
- 6.5 Um endurskoðun starfsleyfis skal fara skv. ákvæðum í kafla IX í reglugerð nr. 785/1999.
- 6.6 Almennur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999.

Samþykkt á 61. fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 12. febrúar 2013.



Starfsleyfisskilyrði fyrir skólphreinsistöð Orkuveitu Reykjavíkur á Kjalarnesi

1. gr.

Gildissvið og almenn atriði

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, kt. 551298-3029, hér eftir nefnt rekstraraðili.
- 1.2 Starfsleyfið gildir í 12 ár frá útgáfudegi, fyrir rekstur eins þreps skólphreinsistöðvar á Kjalarnesi. Móttaka skólps í stöðinni skal að hámarki vera 2.500 persónueiningar (PE).
- 1.3 Skylt er að endurskoða starfsleyfið ef mengun af völdum skólplösunar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhófslegs kostnaðar.
- 1.4 Verði breyting á rekstrinum sem leiðir til hreinsunar á skólpi frá meira en 2.500 persónueiningum eða aukins mengunarálags á viðtaka ber að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.5 Rekstraraðila ber einnig að fylgja almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi, samþykktum af Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur 29. febrúar 2000, sbr. fylgiskjal 1 svo fremi sem neðangreind skilyrði taki ekki á þeim.

2. gr.

Umhverfisvænn rekstur skolpstöðvanna

- 2.1 Fyllstu snyrtimennsku ber að gæta á lóðum stöðvanna og skulu aðkomuþlön ávallt vera hrein.
- 2.2 Stöðvarnar skulu hreinsa skólpið með eins þreps hreinsun, sbr. 3. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 20 gr. í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpl.
- 2.3 Eftirlit og viðhald skólphreinsibúnaðar skal vera fyrirbyggjandi og með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun.
- 2.4 Tryggja skal að útblástursloft frá stöðinni valdi ekki fólki í nærliggjandi húsakynnum óþægindum vegna efna-, sótt- eða lyktarmengunar.
- 2.5 Um hávaða gilda ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Hávaði sem berst frá stöðinni skal ekki vera meiri en kveðið er á um í viðauka með reglugerðinni, sbr. töflu III.
- 2.6 Fordast skal að högghljóð myndist við almennt viðhald búnaðar og meðferð gáma.
- 2.7 Ekki skal stafa efna-, sótt- eða lyktarmengun af meðferð og flutningi fasts úrgangs.



- 2.8 Sá sem annast flutning fasts úrgangs frá stöðinni skal hafa tilskilin starfsleyfi, í samræmi við fylgiskjal 2 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- 2.9 Skila skal úrgangi til móttökuaðila sem hefur til þess tilskilin leyfi.
- 2.10 Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. grein 5.2 til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé á frekari aðgerðum. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þegar hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

3. gr.

Eftirlitsmælingar í skólphreinsistöð og í viðtaka

- 3.1 Eftirfarandi mælingar skulu fara fram í skólphreinsistöðinni:

Færibreyta	Aðferð	Tíðni
Rennsli		
Rennslishraði	Rennslismæling	15. mín. fresti
Fastur úrgangur:		
Magn fasts úrgangs	Sískráning og vigtun	Samfelld
Purrefni, COD, fita, TP, TN, valin ólífræn snefilefni**	Sýnataka	4 ára fresti
Fráveituvatn fyrir og eftir hreinsun í hreinsistöðvum:		
COD, fita, TP, TN og valin ólífræn snefilefni	Mat*	4 ára fresti
Fráveituvatn eftir fitu- og sandskilju:		
Fita, svifagnir, COD, TN, TP	Sýnataka	12 sýni á ári fyrsta árið, síðan 4 sýni á ári ^o
Ólífræn snefilefni**	Sýnataka	2x á ári
Valin aðskotaefni***	Sýnataka	4 ára fresti

*Matið byggir á færibreytum í föstum úrgangsefnum, sem hreinsuð eru úr innstreymi, og sömu færibreytum í útstreymi. Við heildarmat á hreinsivirkni skal taka mið af hreinsun í dælustöðvum kerfisins.

**Cd, Cu, Ni, Pb, Zn, Hg, Cr, Ag, As

*** Samkvæmt viðauka I er OR reiðubúin til að taka þátt í samstarfi um mat á losun ýmissa efna og efnasambanda. Á tímabili þessa starfsleyfis skal OR gera grein fyrir losun hreinsiefna (anjónískra, katjónískra, og ójónískra) auk fenóla og olíu.

^oEf niðurstöður fyrsta árs lýsa ekki á fullnægjandi hátt heildarstreymi næringarefna og lífrænna efna frá stöðinni, t.d. að um samfellda og marktæka aukningu er að ræða með tíma eða mjög mikill breytileiki er á niðurstöðum, sem ekki er unnt að skýra, þá eru 12 sýni tekin einnig á öðru ári sem stöðin er starfrækt



Nánari grein er gerð fyrir eftirlitsrannsóknum í hreinsistöðinni í viðauka I.

3.2 Eftirfarandi rannsóknir skulu fara fram í viðtaka:

Aðferð	Mælipáttur	Staðsetning	Tíðni
Sjósýni	Örverur	Við yfirfallsútrásir (í þurru veðri eftir þurrkakafli)	4 ára fresti
Kræklingur	Líffræðilegir þættir, örverur, lífræn aðskotaefni, ólífræn snefilefni, biomarker	Eftir dreifurum og á sniði milli miðju beggja dreifara	4 ára fresti
Sjósýni, viðtaki	Örverur, O2, SS, TN, TP, selta, blaðgræna	Á og við þynningarsvæðin	4 ára fresti
Set	Stöðugar samsætur N og C, ólífræn snefilefni*, stoðþættir	Á völdum stöðum á og utan þynningarsvæða	8 ára fresti

*Ólífrænu snefilefnin eru valin í samræmi við reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999).

Nánari grein er gerð fyrir rannsóknum á viðtaka í viðauka I.

4. gr. Skráningar

- 4.1 Skrá skal tímabil þegar skólp er ekki hreinsað á fullnægjandi hátt og ástæðu þess.
- 4.2. Skrá skal atvik þegar skólp hefur óvenjulegt útlit eða óvenjulega lykt.
- 4.3 Skrá skal kvartanir sem berast vegna stöðvanna og viðbrögð við þeim.
- 4.4. Skrá skal mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- 4.5 Fyrstu sýnatökur og mælingar í hreinsivirkjum samkvæmt þessu starfsleyfi skulu fara fram árið 2009. Rannsóknir á viðtaka utan sets skulu fara fram þrisvar á tímabili þessa starfsleyfis, fyrst 2009-2011, í annað skipti 2013-2015 og í þriðja sinni 2017-2019. Setrannsóknir skulu fara fram tvisvar á tímabili þessa starfsleyfis, annars vegar á tímabilinu 2009-2011 og hins vegar á tímabilinu 2017-2019.
- 4.6 Skýrslu þar sem fram kemur yfirlit yfir mælingar og skráningar í hreinsistöðvum frá 1. janúar til loka desember skal skila til Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar fyrir 1. apríl árið eftir. Skýrslur um niðurstöður rannsókna á viðtaka skal skilað til Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar fyrir lok ársins eftir að rannsókn fór fram.



5. gr.


Viðbragsáætlanir og trygging

- 5.1. Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun vegna þeirra efna sem eru til staðar á hverjum tíma. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eiginleikum þeirra efna og hættu við meðferð þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.
- 5.2. Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

6. gr.

Ýmislegt

- 6.1 Eintök af starfsleyfisskilyrðunum og viðkomandi reglum skulu ávallt tiltæk í hreinsistöðvunum. Skulu starfsleyfisskilyrðin kynnt öllu starfsfólki stöðvanna.
- 6.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum.
- 6.3 Yfirmaður stöðvanna ber ábyrgð á að starfsemin sé í samræmi við framangreind skilyrði.
- 6.4 Þynningarsvæði fyrir saurkóligerla eða saurkokka í Hofsvík miðar við rúma dreifingu saurkóligerla >100 á 100 mL og losun frá 2.500 pe. Þynningarsvæðinu má lýsa með ellipsu með miðju í ÍSNET-hnitinu $(x_0, y_0) = (362450 \text{ m}, 417300 \text{ m})$, skammás 500 m og langás 600 m, þ.e. $[(x-x_0)/600]^2 + [(y-y_0)/500]^2 = 1$; horn; horn skammáss ellipsunnar rangsælis frá norðri er 60° , sjá mynd 1.



Mynd 1. Pynningarsvæði fráveituvatns frá skólphreinsistöð Kjalarnesi.

Samþykkt á 19. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 3. júní 2009.



Viðauki I

Rannsóknir í hreinsistöð og viðtaka

Inngangur

Orkuveita Reykjavíkur sér um uppbyggingu og rekstur fráveitna á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem og rekstur og uppbyggingu fráveitna á athafnasvæði sínu á Vesturlandi. Annars vegar er um að ræða stöðvar sem losa í strandsjó eftir hreinsun með eins þreps hreinsun, þ.e. frá Stór-Reykjavíkursvæðinu, Akranesi, Borgarnesi og Kjalarnesi. Almenn tekur eins þreps hreinsun til lækkunar á lífrænu efni (BOD og svifagnir) og telst notkun síubúnaðar vera sambærileg eins þreps hreinsun á síður viðkvæmum svæðum samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Hins vegar er um að ræða stöðvar með m.a. líffræðilegri hreinsun og losun í ferskvatn eða undir hraun, þ.e. Reykholt, Bifröst, Varmaland og Hvanneyri. Almenn tekur tveggja þrepa hreinsun til lækkunar á lífrænu efni og telst t.d. rotþró með siturlögn eða sandsíun vera tveggja þrepa hreinsun samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp kveður á um mælingar og rannsóknir í skólphreinsistöðvum og samkvæmt reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnareftirlit þarf starfsleyfi fyrir alla meðferð skólps og úrgangs. Í báðum þessum gerðum kemur fram tíðni á sýnatökum í stöðvunum.

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp kveður einnig á um að skilgreina þurfi hversu viðkvæmur viðtaki er fyrir losun skólps, þ.e. viðtaki er í þessu tilliti annað hvort viðkvæmur eða síður viðkvæmur. Sé um losun á fráveituvatni að ræða í viðtaka sem skilgreindur hefur verið sem síður viðkvæmur, skulu jafnframt fara fram rannsóknir á viðtaka til mats á því hvort frekari hreinsun leiði til umhverfisbætandi áhrifa og til endurskilgreiningar viðtaka á a.m.k fjögurra ára fresti.

Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns gerir einnig kröfur um eftirlit og flokkun vatns. Auk þessa mun þurfa að taka tillit til Vatnatilskipunar Evrópusambandsins (Directive 2000/60/EC) en enn á eftir að skilgreina eftirlit og kröfur hennar um vöktun. Eftirlit tengt Vatnatilskipuninni varðar ekki einungis losun á fráveituvatni heldur áhrif af hvers konar starfsemi í hverju sveitarfélagi. Greinargerð þessi er samantekt á því hvernig Orkuveita Reykjavíkur hyggst framfylgja kröfum þessara gerða. Í þessum tillögum er lögð áhersla á að samþætta rannsóknir í hreinsistöðvum og í viðtaka þannig að heildstætt mat liggi fyrir um hvaða árangri er náð.



Rannsóknir í hreinsistöð

Við hönnun stöðvarinnar á Kjalarnesi var gert ráð fyrir að hámarki 2.500 þe en núverandi losun er talsvert minni. Viðtaki fráveituvatnsins frá hreinsistöðinni er í Hofsvík og hefur hann verið skilgreindur sem síður viðkvæmur og þ.a.l. er notkun síubúnaðar nægjanleg hreinsun. Í greinargerð um skilgreiningu viðtaka kemur fram að frekari hreinsun en með síubúnaði er ekki líkleg til að leiða til umhverfisbætandi áhrifa (4).

Markmið þessara rannsókna er að gera ítarlega grein fyrir annars vegar losuðu magni lífrænna efna, næringarefna og aðskotaefna og hins vegar hreinsivirkni stöðvanna. Í stöðvunum fer fram síun, sandfelling og fitufleyting. Er það mat Orkuveitunnar að skilvirkasta aðferðin til að meta hreinsivirkni slíkra eins þrepa hreinsistöðva sé eftirlit með magni fasts úrgangs (síuúrgangur, sandur, fita) sem hreinsaður er úr tilteknu rúmmáli fráveituvatns og heildarmagni lífræns efnis (COD), fitu, svifagna og næringarefnanna fosfórs og köfnunarefnis auk ólífrænna snefilefna sem fer frá stöðvunum, og leitt er í viðtaka.

Rennsli í gegnum stöðina er skráð með 15 mínútna millibili. Allur fastur úrgangur (síuúrgangur, fituúrgangur, og sandur), sem fellur til við hreinsun fráveituvatns er vigtaður á móttökustað fyrir losun og liggur því fyrir töluleg skráning á þessum breytum. Einnig fer fram sískráning á síuúrgangi og sandi í stöðvunum sjálfum á 15 mínútna fresti eins og fyrir rennslið. Þetta efnabókhald mun einnig taka til hreinsunar á sandi og fitu í dælustöðvum á aðveitusvæðum stöðvanna. Ítarlegar rannsóknir hafa farið fram á lífrænu efni (COD) og þurrefni í síuúrgangi og sandi, sem falla til við hreinsunina í Reykjavík (3) og munu slíkar rannsóknir einnig fara fram á fituúrganginum. Þurrefni fasts úrgangs þarf að liggja fyrir vegna m.a. upplýsingagjafar íslenskra stjórnvalda til OECD og Eurostat. Til viðbótar mun heildarfosfór (TP) og heildarköfnunarefni (TN) verða skilgreind í þessum þremur tegundum úrgangs auk ólífrænna snefilefna.

Orkuveitan hyggst ársfjórðungslega taka sýni af síuðu fráveituvatni, þ.e. eftir fitu- og sandskilju, og mæla í því COD, fitu, svifagnir, heildarköfnunarefni og heildarfosfór til mats á losun í viðtaka og til mats á hlutfallslegri hreinsun. Á fyrsta ári eftir að stöð verður tekin í notkun munu tólf sýni verða tekin. Ef niðurstöður fyrsta árs lýsa ekki á fullnægjandi hátt heildarstreymi næringarefna og lífrænna efna frá stöðinni, t.d. að um samfellda og marktæka aukningu er að ræða með tíma eða mjög mikill breytileiki er á niðurstöðum, sem ekki er unnt að skýra, þá eru 12 sýni tekin einnig á öðru ári sem stöðin er starfrækt.

Við hvert mælitilvik verða tekin sýni yfir einn sólarhring í þurru veðri, hlutasýni á klukkustundar fresti við vel skilgreindar aðstæður m.t.t. ofankomu, rennslis o.s.frv. Í ljósi mælinga sem fram hafa farið í Reykjavík, þá er ekki að vænta mikilla breytinga í losun efna frá einum tíma til annars nema þegar aðveitusvæði eru stækkuð eða fyrirtæki, sem losa t.d. lífræn efni, byrja að losa í aðveitukerfið. Auk þessara mælingar verða ólífræn snefilefni og valin lífræn efni mæld í síuðu fráveituvatni á fjögurra ára fresti samfara rannsóknum á föstum úrgangi. Eftirlitsmælingar í stöð eru teknar saman í töflu 1.



Tafla 1. Eftirlitsmælingar í skólphreinsistöð.

Færibreyta	Aðferð	Tíðni
Rennsli:		
Rennslis hraði	Rennslismæling	15. mín. fresti
Fastur úrgangur:		
Magn fasts úrgangs (síuúrgangur, fituúrgangur, sandur)	Sískráning og vigtun	Samfelld
Purrefni, COD, fita, TP, TN, valin ólífræn snefilefni*	Sýnataka	4 ára fresti
Fráveituvatn fyrir og eftir hreinsun í hreinsistöðvum:		
COD, fita, TP, TN og valin ólífræn snefilefni	Mat***	4 ára fresti
Fráveituvatn eftir fitu- og sandskiljun:		
Fita, svifagnir, COD, TN og TP	Sýnataka	12 sýni á ári fyrsta árið, síðan 4 sýni á ári ^o
Ólífræn snefilefni (sömu og fyrir fastan úrgang**)	Sýnataka	2x á ári
Valin lífræn aðskotæfni**	Sýnataka	4 ára fresti

*Við val á ólífrænum snefilefnum er miðað við tilskipun ESB um efnasamsetningu seyru til notkunar í landbúnaði (86/278/EEC) og þau er fram koma í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999) en þau

eru Cd, Cu, Ni, Pb, Zn, Hg og Cr. Að auki verður Ag og As mælt.

**Við val á lífrænum efnunum verður tekið mið af reglugerð um varnir gegn mengun vatns (nr. 796/1999) en sérstaklega haft í

huga hvað ætla megi að geti valdið skaða. OR hefur veitt aðgang að dælustöðvum og hreinsivirkjum til ýmissa rannsókna og

er áfram reiðubúin til að taka þátt í samstarfi um mat á losun ýmissa efna og efnasambanda. Ráðgert er að smám saman byggist upp gagnagrunnur um t.d. PCB-efni, PAH-efni, fjölbrómuð efni (t.d. PBDEs), fjölflorefni (t.d. PFOs), fenólefni,

hreinsiefni, lyfjaleifar, lífræn silikonefni og geislavirk efni (t.d. jóð). Á tímabili þessa starfsleyfis, sem er til tólf ára mun

OR gera grein fyrir losun hreinsunarefna (anjónískum, katjónískum, og ójónískum) auk fenóla og olfu.

***Matið byggir á færibreytum í föstum úrgangsefnum, sem hreinsuð eru úr innstreymi, og sömu færibreytum í útstreymi.

Við heildarmat skal einnig taka mið af hreinsun í dælustöðvum kerfisins.

^oEf niðurstöður fyrsta árs lýsa ekki á fullnægjandi hátt heildarstreymi næringarefna og lífrænna efna frá stöðinni, t.d. að um

samfellda og marktæka aukningu er að ræða með tíma eða mjög mikill breytileiki er á niðurstöðum, sem ekki er unnt að skýra, þá eru 12 sýni tekin einnig á öðru ári sem stöðin er starfrækt.

Rannsóknir á viðtaka

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999 og Vatnatilskipun Evrópusambandsins (Directive 2000/60/EC) skal framkvæma rannsóknir á viðtaka. Markmið þessara rannsókna er fjórþætt:


1) endurmat á skilgreiningu viðtaka sem viðkvæmum eða síður viðkvæmum hvað varðar næringarefni og súrefnismettun,



- 2) mat á því hvort stærð eða lega þynningarsvæðis hafi breyst,
- 3) mat á því hvort lífríki svæðisins hljóti skaða af losuninni, þ.e. tryggja gott vistfræðilegt ástand, og
- 4) mat á því hvort útivistarsvæði við fjörur fullnægi skolpreglugerðinni (798/1999) . Einnig verður tekið mið af flokkun í reglugerð um mengun vatns (nr. 796/1999).

Í þessu sambandi er mikilvægt að hafa í huga þá hagsmuni sem verið er að vernda, þ.e. almenning á útivistarsvæðum, fyrirtæki í matvælaíðnaði, og nýtingu á viðtaka s.s. við fiskveiðar.

Þynningarsvæði í Hofsvík miðar við rúma dreifingu saurkóligerla >100 per 100 mL og losun frá 2.500 pe, sjá mynd (4). Þynningarsvæðinu má lýsa með ellipsu með miðju í ÍSNET-hnitinu $(x_0, y_0) = (362450 \text{ m}, 417300 \text{ m})$, skammás 500 m og langás 600 m, þ.e. $[(x-x_0)/600]^2 + [(y-y_0)/500]^2 = 1$; horn; horn skammáss ellipsunnar rangsælis frá norðri er 60° (4).





Orkuveita Reykjavíkur hyggst á 4 ára fresti framkvæma eftirlitsrannsóknir á viðtaka með þeim hætti sem hér er lýst.

Lífríki/kræklingur

Til að kanna hvort lífríki á svæðinu verði fyrir áhrifum verður notast við krækling. Að auki verða kræklingasýni geymd í lífsýnabanka svo unnt verði að rannsaka þau síðar m.t.t. ýmissa mælipátta sem seinni tíma rannsóknir kunna að leiða í ljós að ástæða sé til að hafa upplýsingar um, þ.e. saga losunar verður varðveitt. Uppsöfnun aðskotaefna í krækling er hröð og næmni mæliaðferða mikil og er hér því um mun skilvirkari aðferð að ræða en beinar mælingar á sjósýnum. Aðrar ástæður fyrir vali kræklinga í þessum tilgangi eru þær að kræklingur hefur verið notaður með góðum árangri bæði hérlendis og erlendis til rannsókna á losun aðskotaefna og til mats á því hvort lífríki svæðisins sé hætta búin (uppsöfnun aðskotaefna, líffræðilegir ástandspættir, lífefnafræðilegar breytingar s.s. breyting í ensímvirkni, skemmdir á erfðaeftirbrotum o.s.frv.). Einnig kemur hér til að mjög erfitt er að finna lífverur, sem lifa á losunarsvæðinu í þessu skyni. Stærð áhrifasvæðisins er mjög lítið en það takmarkar val á lífverum mjög verulega, botninn er sand- og malarbotn en að auki hafa næringarefni sem og önnur efni fráveituvatnsins mjög skamman viðverutíma á losunarsvæðunum vegna straumkviku. Þessi skammti viðverutími kemur bæði í veg fyrir að um aukinn lífmassa þörungum verði að ræða og að agnir frá dreifistútum falli niður á botn og valdi þar breytingum á efnafræði eða lífríki setsins (1). Af þessum sökum er valið að flytja lífverur á svæðið með stöðluðum og margreyndum hætti. Smæð áhrifasvæðisins gerir það að verkum að engu áhrifa næringarefna eða aðskotaefna frá losun fráveituvatnsins mun geta gætt við fjörur eða nærri landi. Smæð áhrifasvæðis skolps gerir það einnig að verkum að eiginlegar vistkerfisrannsóknir (samfélag á botni þ.m.t. þari og áhrif á fiska) verður ekki við komið til mats á áhrifum losunar á fráveituvatni. Hugsanleg aukning á þörungum á og við svæðið svo og hugsanleg lækkun í súrefnisstyrk verður hins vegar metin með sjósýnatökum (með samanburði við viðmiðunarsvæði) enda þótt mjög lítil ástæða sé til að ætla að um áhrif verði að ræða, sjá greinargerð um skilgreiningu viðtaka.

Áformað er að koma kræklingi fyrir í búrum eftir legu útrása og á sniði þvert á miðju dreifistúta en einnig á viðmiðunarsvæði, þar sem áhrifa frá frárennsli gætir ekki. Notaðar verða staðlaðar aðferðir við sýnatökur (2) og mælingar eftir því sem Vatnatilskipunin gerir kröfur um. Ávallt verða mældir líffræðilegir ástandspættir, valin ólífræn snefilefni (a.m.k. þeir málmar sem mörk eru fyrir í sjávarafurðum til manneldis (Hg, Cd og Pb í dag) og þau efni, sem vitað er að berist með skolpi eins og t.d. Ag), valin lífræn efni (sjá lista að ofan fyrir fráveituvatn), örverur (a.m.k. þær sem skolpreglugerðin tiltekur) og a.m.k. einn lífefna- eða lífedlisfræðilegur þáttur hverju sinni.

Sjósýni

Kræklingurinn mun gera grein fyrir legu og stærð þynningarsvæðis (örverur og aðskotaefni) en einnig munu sýni af sjó verða tekin til mats á þynningarhlutfalli á losunarsvæðinu (örverur, svifagnir, súrefni, TN, TP og blaðgræna) auk útbreiðslu þess og legu. Þessar mælingar munu einnig gera grein fyrir því hvort þynningarsvæðin séu undir



álagi er varðar hugsanlega ofauðgun og/eða lækun í súrefnisstyrk. Þessar rannsóknir á viðtaka munu fara fram að sumri (kræklingur) og ársfjórðungslega (sjósýni) á fjögurra ára fresti. Sjósýni til örverumælinga verða einnig tekin á völdum stöðum í fjöruborði til eftirlits á því hvort yfirfallsútrásir séu að skila tilætluðum árangri. Þessi sýni verða tekin á fjögurra ára fresti í tengslum við sjósýnatökur í viðtaka. Þessi sýni eru tekin við vel skilgreindar aðstæður m.t.t. ofankomu, vindhraða og vindáttar, stöðu sjávarfalla, fjölda sólskinsstunda o.s.frv. Þessi sýni eru tekin þegar gera má ráð fyrir að yfirfallsútrásir séu ekki í notkun, sem er við mika ofankomu. Við sjósýnatökur og mælingar verður farið að stöðlum sem væntanlegir eru í tengslum við Vatnatilskipunina.

Set

Að lokum mun fara fram rannsókn á seti á svipuðum slóðum og kræklingastöðvar til mats á því hvort og þá að hve miklu leyti lífrænt efni í setefni eigi rætur að rekja til fráveituvatnsins en forsenda þess að skolp hafi áhrif á botndýralífriki er að lífrænt efni hafi náð að setjast á botn, þ.e. hvort um aukið framboð næringarefna sé að ræða á botni.

Tafla 2. Eftirlitsrannsóknir í viðtaka

Aðferð	Mæliþáttur	Staðsetning	Tíðni
Sjósýni, strönd	Örverur skv. skólpreglugerð	Við yfirfallsútrásir (í þurru veðri)	4 ára fresti
Kræklingur	Líffræðilegir þættir, örverur, lífræn efni, ólífræn snefilefni og lífefnafræðilegir þættir (biomarker)	Við útrásir og á sniðum út frá útrásum	4 ára fresti
Sjósýni, viðtaki	Örverur, O ₂ , SS, TN, TP, selta og blaðgræna	Á og við þynningarsvæðin	4 ára fresti
Set	Stöðugar samsætur N og C, ólífræn snefilefni*, stoðþættir	Á völdum stöðum á og utan þynningarsvæða	8 ára fresti

*Ólífrænu snefilefnin eru valin í samræmi við reglugerð um varmir gegn mengun vatns (nr. 796/1999).

Heimildir

- Guðjón Atli Auðunsson 2006. Summary and evaluation of environmental impact studies on the recipient of sewage from the STP at Ánanaust, Reykjavík. Work for Reykjavík Energy (Orkuveita Reykjavíkur). Skýrsla ITÍ0616/EGK05 (6ÞV05186).
- ASTM 2002. E2122-02 Standard Guide for Conducting In-situ Field Bioassays With Caged Bivalves. American Society for Testing and Materials.
- Guðjón Atli Auðunsson. Hegðun og samsetning fráveituvatns í hreinsistöðinni við Ánanaust. Unnið fyrir Gatnamálastjórnann í Reykjavík. *Skýrsla Rf 4-00*. Mars 2000.
- Viðtaki fráveituvatns frá Kjalarnesi. Greinargerð vegna skilgreiningar á viðtaka. Júní 2008.
- Sveinn Óli Pálmarsson og Snorri Páll Kjarran, Vatnaskil verkfræðistofa. Minnisblað, 30. júní 2008. Þynningarsvæði fyrirhugaðra útrásarstaða við Akranes og Kjalarnes